



ÁRSSKÝRSLA 2017



STOFNUN
VIGDÍSSAR FINNBOGADÓTTUR
Í ERLENDUM TUNGUMÁLUM

EFNISYFIRLIT

Um Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur	1
Stjórn og starfsmenn.....	1
Starfssvið og hlutverk.....	5
Alþjóðleg miðstöð tungumála og menningar	26
Fyrirlestrar á vegum SVF.....	37
Útgáfa fræðiritra.....	39
Alþjóðleg samstarfsnet og þróunarverkefni	40
Aðrir viðburðir	44
Konfúsíusarstofnunin Norðurljós	48
Styrkir og gjafir	50
Starfsfólk 2017	53
Miðlun rannsókna.....	68

For the English summary of the activity report of Vigdís Finnbogadóttir Institute of Foreign Languages, please consult http://vigdis.hi.is/activity_reports

Umbrot: Valgerður Jónasdóttir

Mynd á forsiðu: Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, og Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, við vígslu á húsi fyrir Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og Vigdísarstofnun - alþjóðlega miðstöð tungumála og menningar, fimmtudaginn 20. apríl, sumardaginn fyrsta. Ljósmyndari: Kristinn Ingvarsson.

Prentun: Oddi, umhverfissvottuð prentsmiðja

UM STOFNUN VIGDÍÐSAR FINNBOGADÓTTUR

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum (SVF) er rannsóknastofnun á Hugvísindasviði Háskóla Íslands. Við stofnunina eru stundaðar rannsóknir í þeim 13 erlendu tungumálum sem eru kennd við Háskóla Íslands, þ.e. arabísku, dönsku, ensku, frönsku, grísku, ítölsku, japönsku, kínversku, latínu, rússnesku, spænsku, sænsku og þýsku, ásamt bókmenntum, kvikmyndum og menningu viðkomandi málsvæða. Meginfræðasvið stofnunarinnar eru þýðingar, samanburðarmálvísindi, tengsl tungumála, máltileinkun, menningarfræði, tungumálanám og tungumálakennsla, svæðarannsóknir (Evrópu-, Norðurlanda-, Ameríku-, Mið-Austurlanda- og Asíufræði), samskipti á erlendum tungumálum og erlendar tungur og menning á Íslandi í sögu og samtíð. Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur hóf starfsemi sína í október 2001 og árið 2017 var því sextánda starfsár hennar.

STJÓRN OG STARFSMENN

Á árinu 2017 störfuðu 43 fræðimenn við stofnunina auk annars starfsfólks.

Stjórn stofnunarinnar skipuðu Auður Hauksdóttir formaður, Birna Arnbjörnsdóttir, Geir Þórarinn Þórarinsson, Guðmundur S. Brynjólfsson, fulltrúi doktorsnema, og Oddný G. Sverrisdóttir. Varamenn í stjórn voru þau Hólmfríður Garðarsdóttir og Gísli Magnússon. Auk stjórnarformennsku gegndi Auður Hauksdóttir starfi forstöðumanns. Stjórnin kom saman fimm sinnum á árinu.


Ritnefnd stofnunarinnar var skipuð þeim Ásdísi R. Magnúsdóttur og Rebekku Bráinsdóttur, en ritstjórar tímaritsins *Milli mála* voru þeir Gísli Magnússon og Þórhallur Eypórsson.



Stjórn SVF, frá vinstri: Guðmundur S. Brynjólfsson, Oddný G. Sverrisdóttir, Gísli Magnússon varamaður í stjórn, Birna Arnbjörnsdóttir, Geir Þórarinn Þórarinsson, Auður Hauksdóttir formaður og Hólmfríði Garðarsdóttur, varamaður.

DANSKA	ÞÝSKA	FRANSKA	ENSKA	FRANSKA	ENSKA	SVF	SPÆNSKA
							
Auður Hauksdóttir prófessor	Aune Stolz sendikennari	Ásdís R. Magnúsdóttir prófessor	Ásrún Jóhannsdóttir aðjunkt	Ásta Ingibjartsdóttir aðjunkt	Birna Arnbjörnsdóttir prófessor	Birna Bjarnadóttir verkefnisstjóri	Erla Erlendsdóttir prófessor

ENSKA	KÍNVERSKA	FRANSKA	GRÍSKA/LATÍNA	DANSKA	ENSKA	ENSKA	JAPANSKA
							
Erlendína Kristjánsdóttir aðjunkt	Fei Jie sendikennari	François Heenen aðjunkt	Geir Þórarinn Þórarinnsson aðjunkt	Gísli Magnússon dósent	Gregory Alan Phipps lektor	Guðrún Björk Guðsteinsdóttir prófessor	Gunnella Þorgeirsdóttir lektor

SPÆNSKA	ENSKA	FRANSKA	RÚSSNESKA	ENSKA	SPÆNSKA	SÆNSKA	KÍNVERSKA
							
Hólmfríður Garðarsdóttir prófessor	Ingibjörg Ágústsdóttir dósent	Irma Erlingsdóttir dósent	Jón Ólafsson prófessor	Júlían Meldon D'Arcy prófessor	Kristín Guðrún Jónsdóttir dósent	Lars-Göran Johansson sendikennari	Liu Kailiang sendikennari

ÞÝSKA	ÞÝSKA	DANSKA	KÍNVERSKA	RÚSSNESKA	ÍTALSKA	KÍNVERSKA	ENSKA
							
Magnús Sigurðsson aðjunkt	Oddný G. Sverrisdóttir prófessor	Pernille Folkmann lektor	Qi Huimin kínverskur forstöðumaður stofnunarinnar	Rebekka Þráinsdóttir aðjunkt	Stefano Rosatti aðjunkt	Wang Linzhe sendikennari	Þórhallur Eypórsson prófessor

DANSKA	ARABÍSKA	STARFSMENN MEÐ AUKAÆDILD	ÞÝÐINGAFRÆÐI	KÍNVERSKA	ÞÝÐINGAFRÆÐI	TUNGUMÁLAMIÐSTÖÐ
						
Þórhildur Oddsdóttir aðjunkt	Þórir Jónsson Hraundal aðjunkt		Gauti Kristmannsson prófessor	Geir Sigurðsson prófessor	Marion Lerner dósent	Eyjólfur M. Sigurðsson deildarstjóri

ALPJÓÐLEG MIÐSTÖÐ TUNGUMÁLA OG MENNINGAR

		
Sebastian Drude framkvæmdastjóri	Valgerður Jónasdóttir viðburðastjóri	Þórunn Elísabet Bogadóttir kynningarstjóri

KONFÚSÍUSARSTOFNUNIN

		
Magnús Björnsson forstöðumaður	Guðbjörg Ríkey Hauksdóttir verkefnisstjóri	Þorgerður A. Björnsdóttir verkefnisstjóri

Guðrún Kristinsdóttir lét af störfum sem verkefnisstjóri stofnunarinnar í byrjun árs. Þær Valgerður Jónasdóttir og Birna Bjarnadóttir höfðu með höndum verkefnisstjórn á vegum SVF framan af ári, en um mitt ár var Valgerður Jónasdóttir ráðin viðburðastjóri SVF og Alþjóðlegu tungumálamiðstöðvarinnar og Þórunn Elísabet Bogadóttir var ráðin kynningarstjóri.

Á árinu hlaut Erla Erlendsdóttir framgang í starf prófessors og Gísli Magnússon í starf dósents.

Að venju hefur starfsemin verið þróttmikil og fjölbreytt. Stofnunin hefur staðið fyrir fjölda viðburða í samvinnu við innlenda og erlenda fræðimenn og vísindastofnanir og áhersla hefur verið lögð á að auka þekkingu og upplýsta umræðu um tungumál og menningu meðal leikra og lærðra. Í því skyni hefur stofnunin staðið fyrir málþingum og fyrirlestraröðum og gefið út vef tímaritið *Milli mála – Tímarit um erlend tungumál og menningu* auk annarra fræðiritra. Í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneytið og STÍL – Samtök tungumálakennara á Íslandi efndi stofnunin til hátíðardagskrár í tilefni af Evrópska tungumáladeginum þann 26. september. Yfirskrift dagskrárinnar var „Mál er manns aðal: Tungumálakennsla fyrr og nú – staða og áskoranir“.



Mörg undanfarin ár hefur markvisst verið unnið að því innan SVF að koma upp sérhannaðri byggingu fyrir kennslu og rannsóknir í erlendum tungumálum og menningu við Háskóla Íslands og fyrir miðlun þekkingar á fræðasviðinu. Í mars 2017 urðu þáttaskil í starfsemi stofnunarinnar þegar öll starfsemi hennar og Mála- og menningardeildar fluttist í nýtt hús að Brynjólfs götu 2. Eft var til samkeppni um nafn á bygginguna og varð heitið **Veröld – hús Vigdísar** hlutskarpast. Vígsla Veraldar – húss Vigdísar fór fram við hátíðlega athöfn á sumardaginn fyrsta, hinn 20. apríl, að viðstöddu miklu fjölmenni.

Við sama tækifæri tók Alþjóðleg miðstöð tungumála og menningar til starfa, en hún mun starfa innan vébanda Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur á grundvelli samstarfssamnings íslenskra stjórnvalda og UNESCO, menningar-, mennta- og vísindastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Nánar verður fjallað um vígslu Veraldar og Alþjóðlegu tungumálamiðstöðina hér á eftir, auk þess sem varpað verður ljósi á helstu viðburði í starfsemi stofnunarinnar.

Starfsmaður kvaddur

Martin Regal, dósent í ensku, lést 22. ágúst 2017, 66 ára að aldri, en hann fæddist í London 2. ágúst 1951.

Martin lauk doktorsnámi í breskum og bandarískum leikbókmenntum frá Kaliforníuháskóla í Davis árið 1991, meistaraprófi í ensku frá sama háskóla 1983 og BA-gráðu frá Reading-háskóla árið 1975.

Rannsóknir Martins voru aðallega á sviði aðlögunar- og kvikmyndafræði. Auk þess að gegna kennslu og rannsóknum var Martin afkastamikill þýðandi og spanna þýðingar hans bæði íslenskar fornbókmenntir og nútímaverk, auk annarra verka.

Martin hóf störf við Háskóla Íslands árið 1976 en kenndi einnig tímabundið í Bandaríkjunum, við Stokkhólmsháskóla og Konunglega tækniháskólann í Stokkhólmi.

Starfsmenn Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur sjá með söknuði á bak góðum samstarfsmanni og félagi og minnst Martins með virðingu og þakklæti.



STARFSSVIÐ OG HLUTVERK

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum er ein aðildarstofnana Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands og rannsóknaveitvangur kennara í Mála- og menningardeild. Rannsóknir stofnunarinnar snúast um erlend tungumál og menningu frá ýmsum sjónarhornum en helstu rannsóknasviðin eru:

- Málvísindi, m.a. samanburðarmálvísindi, tengsl tungumála, máltileinkun, orðaforði, hljóðfræði, annarsmálsfræði og orðabókarfræði.
- Bókmenntir, m.a. bókmenntir einstakra þjóða og málsvæða, enskar, franskar, þýskar, ítalskar, grískar, latneskar, rússneskar, arabískar og asískar bókmenntir, sem og bókmenntir spænskumælandi landa og Norðurlandabókmenntir.
- Menning og tunga tiltekinna málsvæða, tungumálatengsl og samanburður á menningu og tungu eftir málsvæðum í sögu og samtíð.
- Samskipti á erlendum málum og notagildi þeirra, m.a. í atvinnulífi, ekki síst ferðapjónustu.
- Kennsla erlendra tungumála, m.a. notkun nýrrar tækni í tungumálanámi og þróun kennslugagna.
- Þýðingar milli íslensku og annarra tungumála, bæði bókmennta- og nytjapýðingar.

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur leggur áherslu á að vekja athygli á að fjölmenningarleg viðhorf og þekking á öðrum þjóðum og tungumálum feli í sér persónulegan, menningarlegan, samfélagslegan og efnahagslegan ávinning. Hnattvæðing kallar á þekkingu og færni sem tekur mið af sívaxandi samskiptum á öllum sviðum. Nýjum áskorunum sem stofnanir, fyrirtæki og samfélög standa frammi fyrir á alþjóðavettvangi verður ekki mætt nema til komi haldgóð tungumálakunnátta og menningarinnæi.

Markmið stofnunarinnar er að styðja við og styrkja kennslu í erlendum tungumálum og byggja upp öflugar rannsóknir á því sviði. Í rannsóknastarfi er haft að leiðarljósi að auka skilning á eðli máltileinkunar og gildi tungumálakunnáttu og menningar á öllum sviðum mannlífs og þjóðlífs. Þá kappkostar stofnunin að miðla upplýsingum um nýja þekkingu á eðli tungumálanáms og nýjungar í kennslu erlendra mála á öllum skólastigum.

Auk rannsókna stuðlar stofnunin að upplýstri umræðu í þjóðfélaginu um erlend tungumál, bókmenntir og menningu, tungumálanám, þýðingar og samskipti á erlendum tungum. Þetta hlutverk sitt rækir stofnunin með fyrirlestra- og ráðstefnuhaldi, útgáfu fræðiritra og þróun námsefnis og annarra gagna sem geta auðveldað tungumálanám og tjáskipti á erlendum tungum. Á undanförunum árum hafa fræðimenn stofnunarinnar lagt ríka áherslu á að hagnýta máltækni og tölvur í þágu tungumálanáms og tungumálarannsókna, m.a. með þróun námsgagna og veforðabóka. Stofnunin gefur út veftímartitið *Milli mála – Tímarit um erlend tungumál og menningu* sem kemur út einu sinni á ári og fjallar um rannsóknir á fræðasviðum SVF. Stofnunin tekur þátt í fjölmörgum þróunar- og rannsóknaverkefnum á fræðasviði sínu í samstarfi við íslenska og erlenda fræðimenn og háskólastofnanir.

Hús tungumálanna orðið að veruleika

Um miðjan mars lauk byggingu húss tungumálanna og frá þeim tíma tóku starfsmenn að flytjast úr Nýja Garði í hin nýju húsakynni. Skrifstofur fræðimanna og annarra fastra starfsmanna eru á tveimur efstu hæðum hússins, sem og lesrými fyrir nemendur. Fyrirlestrasalur og aðstaða fyrir kaffihús eru á neðstu hæð hússins, en á annarri hæð er Vigdísarstofa og sýningarrými ætlað fyrir miðlun þekkingar um tungumál og menningu. Á þriðju hæðinni er heimasvæði tungumála, auk þess sem Tungumálamiðstöð Háskólans hefur þar aðsetur, en hún hefur upp á að bjóða sérhannað rými fyrir sjálfsnám í tungumálum og tölvustutt tungumálanám. Kennslurými eru mörg og ólík að stærð og lögun, en við hönnun þeirra var tekið mið af ólíkum þörfum tungumálanáms.

Stiklur úr byggingarsögu Veraldar

- » Tillaga Páls Skúlasonar rektors um skipun undirbúningshóps um byggingu Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur samþykkt í Háskólaráði í apríl 2005.
- » Tillaga Kristínar Ingólfssdóttur rektors um skipun byggingarnefndar samþykkt í Háskólaráði í apríl 2011. Formaður frá upphafi var Eiríkur Hilmarsson.
- » Hönnunarsamkeppni sett af stað í desember 2011.
- » Niðurstaða hönnunarsamkeppni kunngjörð 16. maí 2012. Alls bárust 43 tillögur frá níu þjóðlöndum. Vinningstillöguna áttu arkitektarnir Kristján Garðarsson, Haraldur Örn Jónsson, Gunnlaugur Magnússon og Hjörtur Hannesson, nú hjá Andrúm arkitektum.
- » Útboð auglýst í desember 2014 og í byrjun árs 2015 var gengið til samninga við Eykt um framkvæmd verksins.
- » Fyrsta skóflustunga tekin 8. mars 2015 af Vigdísí Finnbogadóttur, Illuga Gunnarssyni, þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra, og Kristínu Ingólfssdóttur, þáverandi rektor.
- » Hornsteinn lagður 19. júní 2016 af Vigdísí Finnbogadóttur og Jóni Atla Benediktssyni, rektor.
- » Verklok um miðjan mars 2017 og starfsmenn flytjast í húsið.
- » Niðurstaða úr samkeppninni Hvað á húsið að heita? kunngjörð 18. apríl 2017.
- » Veröld – hús Vigdísar vígt og formlega tekið í notkun 20. apríl 2017.
- » Kennsla hefst í byggingunni í lok ágúst 2017.



TILBÚIÐ
TIL FLUTNINGS



Hvað á húsið að heita?

Í mars var efnt til samkeppni um heiti á nýju tungumálabyggingunni undir yfirskriftinni Hvað á húsið að heita? Guðmundur Hálfðanarson, forseti Hugvísindasviðs, ýtti samkeppninni úr vör við upphaf Hugvísindapings hinn 10. mars og kynnti vefsíðu verkefnisins. Viðtökur voru frábærar, en alls bárust hátt í 800 tillögur frá rúmlega 1.000 einstaklingum. Valnefnd skipuðu Eiríkur Smári Sigurðarson frá Hugvísindasviði (formaður), Geir Þórarinn Þórarinnsson, fulltrúi stjórnar Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, Guðrún Kvaran, fulltrúi Alþjóðlegu tungumálamiðstöðvarinnar, og Inga Jóna Þórðardóttir, fulltrúi rektors. Nefndin komst að einróma niðurstöðu um að byggingin skyldi bera nafnið Veröld – hús Vigdísar og staðfesti Háskólaráð hana. Tvær tillögur bárust um nafnið Veröld, frá þeim Huldu Egilsdóttur og Sveini V. Ólafssyni. Tillögu um viðbótina, hús Vigdísar, áttu fimm einstaklingar, þau Ingunn Björnsdóttir, Jónína Hallgrímsdóttir, Kristín Helgadóttir Ísfeld, Sesselja Friðgeirsdóttir og Sigríður B. Guðjónsdóttir. Jón Atli Benediktsson rektor tilkynnti um vinningstillögurnar við sérstaka athöfn í Hátíðasal Háskóla Íslands þriðjudaginn 18. apríl. Verðlaun voru veitt fyrir vinningstillögurnar.



Vígsla Veraldar – húss Vigdísar

Á sumardaginn fyrsta, þann 20. apríl, urðu merk tímamót í sögu Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum þegar Veröld – hús Vigdísar var vígt og starfsemi Alþjóðlegu tungumálamiðstöðvarinnar hleypt af stokkunum. Af þessu tilefni var efnt til hátíðardagskrár í Háskólabíói undir yfirskriftinni „Tungumál ljúka upp heimum“. Leikstjóri hátíðardagskrárinnar var Kolbrún Halldórsdóttir og aðstoðarleikstjóri Orri Huginn Ágústsson. Húsfyllir var á athöfninni, en til hennar var boðið þeim fjölmörgu sem hafa stutt Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur á undanförunum árum og lagt sitt af mörkum til að draumurinn um hús tungumálanna gæti orðið að veruleika. Meðal gesta voru Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, og frú Eliza Reid, Kristján Þór Júlíusson mennta- og menningarmálaráðherra og Guðbjörg Baldvinsdóttir Ringsted, Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og fjöldi erlendra gesta, m.a. þau Soo Hyang Choi, yfirmaður deildar fyrir menntun, frið og sjálfbæra þróun hjá UNESCO, Rigmor Dam, mennta- og menningarmálaráðherra Færeyja, danski þingmaðurinn Bertel Haarder, fyrrverandi menntamálaráðherra, og kona hans Birgitte Haarder, Dag Rune Olsen, rektor Háskólans í Bergen, Göran Blomqvist, framkvæmdastjóri Riksbankens Jubileumsfond í Svíþjóð, Pia Lynge, fulltrúi grænlenku heimastjórnarinnar, Gunvør Balle, fyrrverandi sendiherra Færeyinga á Íslandi, Karen Elsbudóttir forstjóri Norðurbryggju, Stephan Vilberg og Adriana Benediktson, Heather Alda og Bill Ireland frá Kanada, Ove Hornby, fyrrverandi framkvæmdastjóri A.P. Møller og Hustru Chastine Mc-Kinney Møllers Fond til almene Formaal í Danmörku, ásamt núverandi framkvæmdastjóra sjóðsins, Henrik Tvarnø, og formanni hans, Ane Mærsk Mc-Kinney Uggla, en þess má geta að stærsta framlag einkaaðila til byggingarinnar kom einmitt frá A.P. Møller sjóðnum, alls 10 milljónir danskra króna.

Á samkomunni komu fram fjölmargir innlendir listamenn. Háskólakórinn og Kvinnakór Háskólans sungu nokkur lög á ólíkum tungumálum, sjá nánar um atriði dagskrárinnar hér að aftan.



Tungumál ljúka upp heimum

í tilefni af víslu Veraldar - húss Vigdísar
og opnun Vigdísarstofnunar
- alþjóðlegrar miðstöðvar tungumála og menningar

Háskólabíó – Stóri salur – 20. apríl 2017

Háskólakórinn

Stjórnandi: **Gunnsteinn Ólafsson**

The Cloud-Capp'd Towers

Lag: Vaughan Williams. Ljóð: William Shakespeare úr Ofviðrinu

Nú vaknar þú mín þjóð

Lag: Gunnsteinn Ólafsson. Ljóð: Hallgrímur Helgason

Auður Hauksdóttir forstöðumaður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur

Jón Atli Benediktsson rektor Háskóla Íslands

Auður Ava Ólafsdóttir forstöðumaður Listasafns Háskóla Íslands

Rigmor Dam mennta- og menningarmálaráðherra Færeyja

Brynhildur Guðjónsdóttir syngur, á sjö tungumálum, lög frá ýmsum menningarheimum ásamt **Esther Talíu Casey, Margréti Arnardóttur** og **Birgi Bragasyni**

O poštariš avel, sígaunalag, sungið á Romaní

El Feo, lag Zapoteca, sungið á spænsku og zapotec

Báidín Fheilímí, írskt þjóðlag sungið á írsku

Byssan lull, eftir Evert Taube, sungið á sænsku

Je sais comment, eftir: Robert Chauvigny & Julien Bouquet, sungð á frönsku

Padam Padam, lag: Norbert Glanzberg, ljóð: Henri Contet, sungið á frönsku

Youkali, lag: Kurt Weill, ljóð: Roger Fernay, sungið á katalónsku

Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands

Irina Bokova framkvæmdastjóri UNESCO

Mònica Pereña forseti Linguapax International

Vigdís Finnbogadóttir velgjörðarsendiherra tungumála

Kvennakór Háskóla Íslands

Stjórnandi: **Margrét Bóasdóttir**

Píanóleikur: **Sólveig Anna Jónsdóttir**

Fjallíð gægist út um þokuslæðuna - 山在虚无缥缈间

Lag: Huang Zi. Ljóð: Wei Hanzhang - 作词: 韦瀚章 - 作曲: 黄自

Ásta (Ástkæra ylhýra málið)

Lag: Atli Heimir Sveinsson. Ljóð: Jónas Hallgrímsson

Milli atriða verða fluttir textar úr bókinni

„Tungumál ljúka upp heimum – Orð handa Vigdísí“

– flytjendur **Birgitta Birgisdóttir, Björn Ingi Hilmarsson,**

Hjördís Anna Haraldsdóttir og **Arnar Ægisson**

Ástbjörg Rut Jónsdóttir túlkar söngljóð kóranna á táknmál og **Árný Guðmundsdóttir** ávörpin

Ávörp fluttu þau Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands og velgjörðarsendiherra tungumála, Rigmor Dam, mennta- og menningarmálaráðherra Færeyja, Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, Auður Hauksdóttir, forstöðumaður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, Auður Ava Ólafsdóttir, rithöfundur og forstöðumaður Listasafns Háskóla Íslands, og Mònica Pereña, forseti Linguapax International, en hún greindi frá þeirri ákvörðun Linguapax að heiðra Vigdísí fyrir störf hennar í þágu tungumála í tilefni af 30 ára afmæli samtakanna. Kveðja Irinu Bokovu, aðalframkvæmdastjóra UNESCO, var flutt af myndbandi. Hér á eftir fylgja ávörpin í fullri lengd í þeirri röð sem þau komu fyrir í dagskránni:



Auður Hauksdóttir forstöðumaður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur

Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson, fyrrverandi forseti Íslands Vigdís Finnbogadóttir, mennta- og menningarmálaráðherra Kristján Þór Júlíusson, mennta- og menningarmálaráðherra Færeyja Rigmor Dam, rektor Háskóla Íslands, sendiherrar, góðir gestir, ladies and gentlemen, mine damer og herrer.

Fyrir hönd Háskóla Íslands og Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur býð ég ykkur hjartanlega velkomin til þessarar ánægjulegu athafnar. Í dag fögnum við opnun alþjóðlegrar miðstöðvar tungumála og menningar, sem mun starfa undir merkjum UNESCO, og vígslu Veraldar – húss Vigdísar.

Það hefur verið ævintýri líkast að taka þátt í uppbyggingu Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur með góðu samstarfsfólki, yfirstjórn Háskólans og Vigdísar sjálfri, sem hefur verið vakin og sofin yfir málefnum stofnunarinnar og stutt okkur með ráðum og dáð. Sú velvild sem við höfum mætt hvarvetna – hjá ráðamönnum, fyrirtækjum, stofnunum og sjóðum jafnt heima sem heiman, sem og rektorum Háskóla Íslands, hefur verið mikil hvatning. Það munar heldur betur um að vera á góðu bylgjunni og geta látið berast með henni. En það hafa líka verið mótbýrir hjá okkur eins og öllum Íslendingum og þegar á móti blés var gott að geta leitað í smiðju skáldanna og fundið styrk í orðum þeirra – eins og t.d. kvæði Einars Benediktssonar, Undir stjörnum:



Heyr mig, lát mig lífið finna,
læs mér öll hin dimmu þil.
Gef mér stríð – og styrk að vinna,
stjarna, drottning óska minna.
Ég vil hafa hærra spil,
hætta því, sem ég á til.
Bráðum slær í faldafeykinn,
forlög vitrast gegnum reykinn.
Alls má freista. Eitt ég vil.
Upp með taflið. – Ég á leikinn.

Já, við eigum leikinn – og það munar um okkur þegar við leggjumst á eitt.

Fyrir samtakamáttinn, metnaðinn og vináttuna eigum við nú Veröld, Veröld þar sem menning og tungur annarra þjóða verða í brennidepli og staða okkar gagnvart þeim. Já, og við eigum sumarið fram undan, „nóttlausa voraldar veröld; þar sem víðsýnið skín“, eins og Stephan G. Stephansson orti svo fallega. Veröld okkar er einnig veröld hinna og því skiptir öllu að vera veraldarvanur – víðsýnn – heimsborgari, en það kallar öðru fremur á tungumálakunn-

áttu og læsi á menningu annarra. Vigdísarstofnun og Veröld munu gegna þar mikilvægu hlutverki. Megi bjartsýni sumar- komu fylgja stofnuninni og Háskóla Íslands um ókomin ár.

Um leið og ég þakka öllum sem hafa lagt hönd á plóg er mér það ánægja að gefa rektor Háskóla Íslands, Jóni Atla Benediktssyni, orðið.

Jón Atli Benediktsson rektor Háskóla Íslands

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, fyrrverandi forseti Íslands og heiðursgestur þessarar samkomu, Vigdís Finnbogadóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, Kristján Þór Júlíusson, mennta- og menningarmálaráðherra Færeyja, Rigmor Dam, góðir gestir.


Ég býð ykkur hjartanlega velkomin til þessarar hátíðar sem haldin er í tilefni af því að í dag verður vígt og tekið í notkun nýtt og glæsilegt hús Háskóla Íslands sem hlotið hefur heitið *Veröld – hús Vigdísar*, um leið og hleypt verður af stokkunum *Vigdísarstofnun*, alþjóðlegri miðstöð tungumála og menningar við Háskóla Íslands.

Hugmyndin að stofnun alþjóðlegrar tungumálamiðstöðvar við Háskóla Íslands kviknaði fyrst fyrir rúmum áratug innan stjórnar Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum sem stofnuð var árið 2001 á Evrópsku tungumálaári og 90 ára afmæli Háskóla Íslands. Stofnunin hefur ætíð notið liðveislu Vigdísar og sá stuðningur hefur skipt sköpum fyrir

stofnunina sem ber nafn hennar. Vigdís hefur m.a. gegnt starfi velgjörðarsendiherra tungumála hjá Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) frá árinu 1998, auk þess sem hún hefur stutt tungumálakennslu í verki á margvíslegan hátt.

Árið 2008 var stigið stórt skref í þá átt að móta hugmyndina að alþjóðlegri tungumálamiðstöð við Háskóla Íslands og afla henni fylgis. Þá var settur á stofn alþjóðlegur ráðgjafarhópur sem verið hefur stjórn Stofnunar Vigdísar til ráðuneytis. Í ársbyrjun 2011 var málið komið á þann reksþól að mennta- og menningarmálaráðherra lagði inn formlega umsókn um að tungumálamiðstöðin hlyti vottun sem stofnun innan UNESCO. Í nóvember sama ár samþykkti allsherjarráðstefna UNESCO síðan að Vigdísarstofnun yrði starfrækt undir merkjum UNESCO. Um mitt ár 2013 undirrituðu þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra og Irina Bokova, aðalframkvæmdastjóri UNESCO, samstarfssamning á milli íslenskra stjórnvalda og UNESCO.

Meginhlutverk Vigdísarstofnunar er að stuðla að varðveislu tungumála og stuðningi við tungumál í útrýmingarhættu með rannsóknum, ráðstefnuhaldi og útgáfustarfsemi. Stofnuninni er ætlað að styðja rannsóknir á málstefnu og málpólitík í því augnamiði að efla læsi og menntun. Þá er stofnuninni ætlað að vera alþjóðlegur rannsókn- og umræðuvettvangur um tungumál og menningu fyrir leiðandi fræðimenn á þessu sviði. Loks mun stofnunin koma upp tungumálasafni og miðla fróðleik um tungumál með bestu safnfræðilegu aðferðum.



Góðir gestir, vígsla *Veraldar* – húss *Vigdísar* er mikið fagnaðarefni. Með því eignast hugvísindin við Háskóla Íslands aðsetur í hjarta háskólasvæðisins sem verður vettvangur kennslu, rannsókna og nýsköpunar á sviði erlendra tungumála og menningar. Í húsinu er allt til alls, frábær aðstaða fyrir starfsfólk, stúdenta og innlenda og erlenda gesti, fullkominn fyrirlestrasalur með aðstöðu fyrir túlka, fjölbreytt kennslurými, nútímalegt bóka- og gagnasafn, rými fyrir málþing og ráðstefnur, veitingstofa og opið torg undir berum himni. Loks er í húsinu flott sýningaraðstaða sem í dag verður vígð með sýningu um líf og störf Vigdísar sem ber heitið „Samtal – Dialogue“. Síðast en ekki síst eru í húsinu glæsileg listaverk eftir íslenska og erlenda listamenn sem Auður Ava Ólafsdóttir, forstöðumaður Listasafns Háskóla Íslands, mun gera nánari grein fyrir hér á eftir.

Arkitektar hússins hafa unnið frábært verk. *Veröld* er margslungið sjálfstætt byggingarlistaverk en tengir um leið saman þau hús sem fyrir eru á háskólalóðinni og gefur þeim nýtt hlutverk. Áþreifanlegasti vitnisburðurinn um þetta eru göng undir Suðurgötu sem tekin verða í notkun um leið og húsið og munu tengja saman Háskólatorg og *Veröld* og þar með austur- og vesturhluta háskólasvæðisins. Ásamt Háskólatorgi og Gimli mun *Veröld* í reynd breyta háskólasvæðinu úr samansafni stakstæðra bygginga í eiginlegt háskólaþorp, campus. Þá er það til marks um hugvitssemi og sögulega vitund hönnuðanna að *Veröld*, nýjasta hús Háskóla Íslands, beinir jafnframt kastljósinu að því elsta, Loftskeytastöðinni, lítilli perlu frá tímabili íslenskrar steinsteypklassíkur, sem fagnar 100 ára afmæli á næsta ári.

Óhætt er að segja að framkvæmdir við húsið hafi gengið bæði hratt og vel. Fyrsta skóflustunga var tekin 8. mars 2015, á alþjóðadegi kvenna, hornsteinn lagður á kvenréttindadaginn 19. júní 2016 og verklok urðu nú um miðjan mars. Og vígslan fer fram í dag, á sumardaginn fyrsta árið 2017. Það hefur sannarlega tekist vel til því að *Veröld* ber nafn með rentu og er heill heimur út af fyrir sig.

Við efumst ekki um að þetta fagra hús muni þjóna vel þeim tilgangi sínum að gera okkur veröldina aðgengilegri líkt og kjörorð þessarar hátíðardagskrár kveður á um. Tungumál ljúka upp heimum. Það eru orð að sönnu. Öll eigum við okkur

móðurmál sem er í senn leiðin að okkur sjálfum, öðrum manneskjum og heiminum öllum. Tungumálið varðveitir arfleifið genginna kynslóða en gefur okkur um leið von um að við sem nú erum uppi fáum tengst ókomnum kynslóðum. Tungumálið er háttur okkar á að vera í heiminum. Með því hugtökum við í senn heiminn og stöðu sjálfra okkur í honum. En móðurmál heimsins eru ótalmörg og því má með sannri segja að við öðlumst ekki skilning á sjálfum okkur og heiminum nema við hugum markvisst að fjölbreytileika tungumálanna.

Ef að líkum lætur mun vægi tungumála aukast á komandi árum. Fyrir ekki svo löngu síðan var talið að álfurnar væru að renna saman í eitt risastórt heimsþorp. Nú eru á hinn bóginn blikur á lofti og við stöndum frammi fyrir einhverjum mestu fólksflutningum mannkynssögunnar með tilheyrandi árekstrum menningarheima, trúarskoðana og viðhorfa. Því er fyrrsjáanlegt að skilningur á tungumálum, með öllum þeim menningarkimum sem í þeim felast, muni á næstu áratugum skipta meira máli fyrir velferð mannkyns en nokkru sinni fyrr.

Kæra Vigdís. Við þig vil ég segja þetta: Það er sæmdarauki fyrir Háskóla Íslands og íslensku þjóðina að mega tileinka þér, fyrsta þjóðkjörna kvenforseta heims, þetta glæsilega hús. Þú hefur alla tíð sýnt Háskóla Íslands einstakan stuðning og velvilja um leið og þú hefur verið óþreytandi í baráttu þinni fyrir málstað tungumálanna. Þú nýtur virðingar meðal íslensku þjóðarinnar, og um heim allan, og hefur verið sæmd heiðursdoktorsnafnbót frá tveimur deildum Háskóla Íslands, Verkfræðideild og Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda. Megi þetta glæsilega hús ætíð rísa undir nafni.

Góðir gestir. Á eftir munuð þið vígja Veröld – hús Vigdísar. Húsið verður í senn opnað og vígt með því að þið gangið inn í bygginguna. Starfsemi Vigdísarstofnunar – alþjóðlegrar miðstöðvar tungumála og menningar, verður þar með hafin.

Ég vil ljúka þessum orðum á því að þakka öllum sem lagt hafa hönd á plóg til að gera *Veröld – hús Vigdísar* að veruleika en of langt mál yrði að nefna alla hér. Ég vek athygli á bæklingi sem þið fenguð í hendur þegar þið genguð í salinn en þar er gerð rækileg grein fyrir sögu málsins og öllum sem að því komu. Ég get þó ekki lokið máli mínu án þess að nefna sérstaklega prófessor Auði Hauksdóttur, forstöðumann og formann stjórnar Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur. Hún hefur verið vakin og sofin yfir verkefninu árum saman. Færi ég henni bestu þakkir fyrir frábær störf í þágu Háskóla Íslands. Þrautseigja hennar og útsjónarsemi er aðdáunarverð.

Ég vil nú þjóða velkomna á sviðið fjóra leikara sem munu leiða okkur í gegnum dagskrána hér á eftir með því að flytja texta úr bókinni „Tungumál ljúka upp heimum“ sem gefin var út í tilefni stórafmælis Vigdísar Finnbogadóttur fyrir sjö árum.

Takk fyrir. Til hamingju. Gleðilegt sumar. Njótið dagsins!

Auður Ava Ólafsdóttir safnstjóri Listasafns Háskóla Íslands

Góðir gestir

Við Íslendingar eigum sama orðið yfir heimili okkar og veröldina alla, orðin *heima* og *heimur*, þannig að málfræðilega séð eigum við alls staðar heima. Ólíkt rithöfundum sem þurfa á þýðendum að halda, ætli þeir út í heim, eiga myndlistarmenn sitt sérstaka, alþjóðlega tungumál sem heitir myndmál og getur ferðast án pappíra og túlka yfir höf og landamæri.

Ég er hér í dag sem fulltrúi þriggja manna ráðgjafarhóps um listskreytingu í húsi Vigdísar með örstutta kynningu á verkunum sem fylgja húsinu (um leið og þau rúlla hér á biótjaldinu fyrir aftan), en auk mín, sem sat í listskreytingarhóp fyrir hönd Háskóla Íslands, sátu þar arkitektarnir Steinþór Kári Kárason fyrir hönd Listskreytingasjóðs, og Kristján Garðarsson fyrir hönd arkitekta hússins.

Niðurstaða ráðgjafarhópsins var að velja þrjá listamenn, þau Lawrence Weiner, Örnú Óttarsdóttur og Margréti H. Blöndal, til að bregðast við byggingunni hvert á sinn hátt. Þau máttu gjarnan hafa tungumál og þýðingar að leiðarljósi en fengu að öðru leyti algjörlega frjálssar hendur – enda borin von að segja listamönnum fyrir verkum. Myndlistarmennirnir eru af þremur kynslóðum – að svo miklu leyti sem hægt er að hlekkja listamenn við aldur og tíma – og takið eftir hinum kórréttu kynjahlutföllum: tvær konur og einn karlmaður.

Stærsta verkið, á stórum vegg við stiga norðan megin í byggingunni, er eftir bandaríska myndlistarmanninn Lawrence Weiner, sem fæddur er árið 1942 í New York og er einn brautryðjenda konseptlistar á sjöunda áratugnum og hefur allar götur síðan verið í framvarðasveit samtímalistar. Weiner kom hingað til lands fyrst árið 1963 í sinni fyrstu Evrópuför og hefur haldið allmargar einkasýningar hér á landi. Það er engin tilviljun að leitað var eftir samstarfi við Weiner fyrir Vigdísarstofnun því að textaverk eru burðarás í hugmyndafræði Weiners – ekki sem bókmál, heldur texti sem myndmál. Upplifun verka hans er nátengd upplifun okkar á rými, þau eru því þrívíð rýmisverk, við getum ef við viljum kallað þau skúlptúr. Weiner vinnur verk sín með hliðsjón af staðsetningu hverju sinni og tengslum við eðli og starfsemi staðar og þar



gegner „þýðingin“ lykilhlutverki, þ.e. yfirfærsla merkningar annars vegar milli tungumála og hins vegar milli miðla (ritmáls og myndmáls). Hugmynd Weiners gengur m.a. út á það að myndlist sé aldrei framandi, hún er alls staðar heima hjá sér en hafi að sama skapi þann möguleika að breyta skynjun áhorfanda á því „hvernig hann sjálfur er“.

Annar myndlistarmaðurinn sem vann verk í *Veröld – hús Vigdísar* er Arna Óttarsdóttir en verk hennar er í fyrirlestrasal. Arna hefur í verkum sínum unnið í ýmsa miðla og enda þótt hún sé fulltrúi yngstu myndlistarkynslóðarinnar, fædd 1986, sækir hún í aldagamla aðferð með því að nota hinn loðmjúka miðil formæðra sinna, vefnaðinn, og gefa húsinu „veggteppi“. Arna hefur áður snúið hugvittsamlega upp á hinn seinunna, aldagamla miðil, vefnaðinn, með því að útfæra í hann riss úr skissubókum, hraðunnar, hráar teikningar, og hér má segja að hún splæsi ekki aðeins saman tímunum tvennum, heldur einnig hámenningu og lágmenningu, þegar hún vefur hið alíslenska ávarp hæ – með æ-i – inn í myndflötinn í höfuðstöð tungumálanna.

Verk (og þá á ég við verk í fleirtölu) Margrétar H. Blöndal (fædd 1970) eru í tengigangi undir Suðurgötu og ég fullyrði að það er fegursti undirgangur sem ég hef komið í, og sá eini með setustofu á miðri leið – eins konar vin. Og þar í undirheimum – sem menn eru vanari að tengja við spreibrúsa –graffítí – hefur Margrét kosið að bjóða vegfarendum upp á persónulegt trúnaðarsamtal með röð ákaflega fallegra og ljóðrænna teikninga sem unnar eru með olíu, vatnslit og blýanti – eiginlega margar tegundir af gagnsæi. Þannig að í undirdjúpum Suðurgötu ríkir fegurð nándar og hins viðkvæma og ég mæli með því að menn skoði sinn innri mann á ferðalaginu. Ég myndi líkja því við hvíld og ef myndirnar eru í ætt við hljómfall langar mig líka til að benda ykkur á þögnina á milli þeirra þegar þið gangið á eftir um Veröldina alla – og undirheima með – og skoðið verkin.

Að svo mæltu segi ég til hamingju með daginn og gleðilegt sumar!

Rigmor Dam mennta- og menningarmálaráðherra Færeyja

Forseti Íslands. Kæri rektor. Ærede forsamling. Kæru Íslendingar.

Í dag, sumardaginn fyrsta, er det en stor glæde for mig, at stå her som officiel repræsentant for Færøerne ved åbningen af Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, Sprogets Hus.

Hjertelig tak for invitationen.

Netop i dag, den 20. april, for syv år siden, vedtog det færøske lagting, Føroya Løgting, at man ville støtte det store og spændende islandske sprogprojekt med et rimeligt beløb.

Også færøsk erhvervsliv støttede med et tilsvarende beløb.

Dette er kun et lille, men vigtigt, eksempel på det store samarbejde og venskab, som færinger og islændinge har haft gennem århundreder.

Ligesom i Hávamál, som min egen oldefar Rasmus Rasmussen forresten oversatte til færøsk i 1945, påpegede jeres egen Jón Helgason et færøsk ord-sprog i vers 41: 'Tjeneste og Gjentjeneste holder længst venskab'. Så de tætte forbindelser var nok også til stede dengang i 800-tallet.



Det er så ofte før bekræftet, at der er intet som sprogforståelse, som på tværs af grænser, kan føre folkene sammen. Og der er intet som sproglige misforståelser, der kan splitte folkene ad.

Derfor skal vi dyrke de nordiske nabosprog intenst, og selvfølgelig også så mange andre sprog som overhovedet muligt.

Gennem modersmålet får vi selve livets hjerterytme forærende, kimen til vor inderste selv. Som fremmede er vi stækkede fugle, der aldrig får sus under vingerne. Fodres vi derimod med nærende ordfrø, kan vi svæve blandt folk, som sande verdensborgere.

Kære venner.

Det er mig en stor ære at deltage her i dag, og at glædes sammen med vores nære venner og naboer, nu i indvier jeres eget 'Sprogets Hus'.

Det har været en fornøjelse at følge tilblivelsen af 'Sprogets Hus' de sidste år. Jeg har ved adskillige lejligheder haft fornøjelsen af at høre nyt om projektet, sidst da ærede fru Vigdís Finnbogadóttir besøgte os på Færøerne sammen med jeres sprudlende sprogsjæl, Auður Hauksdóttir.

Jeg vil i dagens anledning overrække jer en gave fra Færøernes landsstyre, som består af tre sammenhængende kunstværker af den anerkendte færøske kunstner, Bárður Jákupsson.

Kæru íslendingar!

Vi er stolte af jer. Vi er trygge ved at ha' jer som vores naboer, og vi gør os klart, at jeres store indsats for et lille sprogområde er uhyre vigtig, også for vores eget sprog, det færøske.

Vi vil gøre vores allerbedste for at lette om den sproglige forståelse, således at vi altid kan forstå hinanden, uanset om det handler om kultur, natur, samfundsmæssige forhold, fiskekvoter eller ganske almindelige forelækkelser mellem to, der har hinanden kær.

'Tjeneste og Gjentjeneste holder længst venskab'.

Hjartaliga til lukku!

Gleðilega hátíð!



Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands

Vigdís Finnbogadóttir, rektor Háskóla Íslands, aðrir góðir gestir

Tungumál ljúka upp heimum. Við fögnum því hér að nýtt hús Vigdísarstofnunar verður vígt í dag, alþjóðleg miðstöð tungumála og menningar. Síðustu ár og áratugi hefur verið unnið að tungumálakennslu og rannsóknum við Háskóla Íslands í nafni Vigdísar Finnbogadóttur. Fyrr á tíð kenndi Vigdís landanum frönsku við góðan orðstír en helgaði sig einnig leikhúsinu, færði þangað erlenda strauka og fléttaði við íslenskan menningararf.

Því næst lá leiðin til Bessastaða. Við vitum ekki með vissu hvaða mál fólkið talaði sem forðum kom þar að ónumdu landi. Fyrstu aldirnar heyrðist þar örugglega norrænt mál en sjálfsagt keltneskt líka. Tungumál tengdu heima. Og einhver gaf býlinu þetta nafn, Bessastaði. Kannski kemur heitið úr heimi Kelta en kannski er það runnið frá Snorra Sturlusyni. Hann keypti staðinn og vera má að Snorri hafi kallað hina góðu bújörð Bersastaði eftir tengdaföður sínum, Bersa Vermundarsyni hinum auðga.

Hver veit nema Snorri hafi verið á Bersa- eða Bessastöðum þegar hann las sín latínurit, fékk innblástur og byrjaði að skrifa á íslensku um kringlu heimsins þá er mannfólkið byggir, með mörgum þjóðum og mörgum tungum. Öldum síðar var skóli stofnaður á hinu gamla stórbýli. Sveinbjörn Egilsson færði okkur þá kviður Hómers á íslensku og tók saman Lexicon Poeticum um forníslenskt skáldamál. Tungumál luku áfram upp heimum.

Sá þráður hélt þótt skólahald legðist af á Bessastöðum. Grímur Thomsen settist þar að, orti sín kvæði og þýddi auk þess heimsbókmenntir, Saffó, Goethe og marga fleiri. Áður hafði Grímur gert garðinn frægan í Danaveldi, kynnt Byron lávarð fyrir Dönum og eignast H. C. Andersen að vini. Á Wikipediu les ég líka að eitt sinn hafi aðalsmaður frá Belgíu spurt Grím um Ísland og hvaða mál íbúarnir töluðu. Grímur Thomsen mun hafa svarað því til að það væri íslenska, hin gamla norræna tunga Eddukvæðanna. Já, segir hinn, þið menntamennirnir. En hvaða mál talar skrállinn? Þá svaraði Grímur: Skrállinn, hann talar auðvitað belgísku.

Enn liðu árin og Ísland varð lýðveldi, Bessastaðir aðsetur þjóðhöfðingjans. Allir hafa fyrri forsetar borið hag íslensks máls fyrir brjósti en verið um leið vel mæltir á erlendar tungur, svarið sig í ætt við þá sem áður sátu staðinn.

Ekki er leiðum að líkjast. Þegar ég kom til Bessastaða í sumar sem leið var ég búinn að leggja minn skerf í þýðingafnið; snaraði ungar að árum hryllingssögum hins bandaríska Stephens King yfir á íslensku, óvanur og lítt lærður – ekki beint Heimskringla, Hómer eða Goethe þar! Gætum okkar samt á því að gera ekki of mikinn greinarmun á meintri hámenningu og lágmenningu. Vísun slíku á bug eins og Grímur Thomsen gerði á sinni tíð.

Kæru vinir! Stofnanir eru góðra gjalda verðar en lífdagar tungumála ráðast samt utan þeirra. Síðast þegar ég kom hingað í Háskólabíó sótti ég tónleika þungarokksveitarinnar Skáldmaldar. Liðsmenn hennar nýta sér sagnaarf okkar um æsi, jötna og vættir: „Vaskir menn á vígamóðri stund / og Valhöll bíður okkar,“ kyrja þeir og rymja líka hátt og snjallt: „Hlusti nú hver sem heyrir í mér / hættuleg eru Loka börn.“ Enska væri þeim kannski vænlegri til vinsælda úti í heimi en á Youtube les maður reyndar þær athugasemdir erlendra aðdáenda að þótt þeir skilji ekki stakt orð í íslensku sé vandfundið betra mál fyrir víkingarokk, eins og kalla má þessa tegund tónlistar.

Já, tungumál ljúka alltaf upp heimum. En þau gera meira en það. Tungumál treysta líka böndin heima fyrir. Þessi orð mín mega ekki verða að klisjukenndum frasa – en íslenskt mál er ein meginstöð íslenskrar þjóðar, ríkur þáttur í sjálfsmynd okkar, þráðurinn sem tengir saman alla tíma í þessu landi. Þess vegna er svo brýnt að þeir, sem koma hingað að utan og setjast hér að, nái að læra íslensku og verði studdir til þess. Þess vegna er svo brýnt að við getum notað íslensku í raf-rænum heimi, að við syngjum, rymjum og röppum á íslensku, og ekki síður að við getum lært og rannsakað önnur tungumál hér heima fyrir.

Kæra Vigdís: Það var í forsetatíð þinni að ég hóf nám í útlöndum, bjó þá ytra hér og þar. Hvert sem ég fór fylgdi mér þarfapening, hnausþykk ensk-íslensk orðabók með alfræðilegu ívafi. Verkið kom út í árslok 1984 og í formála vitnaði höfundurinn Sören Sörensson í þessi orð þín í Alþingishúsinu það sumar þegar þú varst sett í embætti forseta Íslands öðru sinni:



Allar þjóðir eiga sér sjálfsmynd, sem ofin er úr mörgum þráðum. Einn aðalþráðurinn er fullvissa um hvar maður á heima. Að fara burt, þó ekki sé nema af bæ, og rata heim aftur. Á hverju skyldi sú ratvísi byggjast, – ratvísi Íslendinga, hvar sem hann er staddur í veröldinni, heim til Íslands? Það má engum óljóst vera að hið eina sanna sameiningartákn Íslendinga birtist í orðum skáldsins góða; ný sannindi og gömul í senn:

Land, þjóð og tunga, þrenning sönn og ein,
þér var ég gefinn barn á móðurkné;
ég lék hjá þér við læk og blóm og stein,
þú leiddir mig í orðs þíns háu vé.

Kæru vinir, góðir áheyrendur: Megi Vigdísarstofnun dafna og vaxa í hinum nýju og glæstu heimkynnum sínum. Megi þau vera opin og umlukin ferskum vindum. Í dag er sumardagurinn fyrsti, vorið er komið – eða kemur að minnsta kosti senn. Um þá árstíð kvað Heinrich Heine á sínum tíma. Ég setti „Frühling“ hans í „google-translate“ og fékk meðal annars ljóðlínurnar „skógurinn og sviðin eru græn / vorið er birt“. Nei, við þurfum áfram að kunna ólíkar tungur, ekki síst svo að við getum ræktað okkar eigið mál. Má ég því frekar biðja um snilldarþýðingu Jónasar sem við skulum allt eins hafa í huga þegar við göngum á eftir yfir í hús Vigdísarstofnunar:

Vorið góða, grænt og hlýtt,
græðir fjör um dalinn,
allt er nú sem orðið nýtt,
ærnar, kýr og smalinn.

Mònica Pereña forseti Linguapax International

It is my great pleasure and honour to congratulate Ms. Vigdís Finnbogadóttir, on behalf of Linguapax, for the opening of this Centre for Multilingualism and Intercultural Understanding.

Like the Vigdís International Centre, our organization, Linguapax, is devoted to the preservation, promotion and protection of linguistic diversity across the world.

Both organizations believe deeply that fostering harmony between linguistic communities contributes to peace within and between states. Hence we conceive and promote ways to show the relation between linguistic diversity and peace. We provide perspectives on what these two terms imply and on the potential for them to act together.

Linguapax inherited this thematic focus on linguistic diversity and peace from UNESCO, when it was conceived by a meeting of experts in 1987. The Linguapax International Committee, presided over by Félix Martí, was created in 1994 thanks,

in no small part, to the intermediation and support of Madame Vigdís Finnbogadóttir.



In 2001, when UNESCO lost its Languages Division, Linguapax established its headquarters in Barcelona. When its Advisory Committee was set up Madame Vigdís Finnbogadóttir renewed her support and became our Honorary President.

Since then, Linguapax has increased its influence and reinforced its international presence through a global network of linguists and activists who keep the debate on linguistic diversity, cultural innovation and multilingualism alive and open. They make explicit the potential of linguistic diversity in generating other forms of knowledge and cultural production, by organizing international meetings, expert seminars, awareness courses and training workshops.

Nowadays, Linguapax operates as an international network with delegations worldwide, supported by public and private institutions of Catalonia.

2017 is the 30th anniversary of Linguapax. The world has changed enormously during these 30 years. Now is a good time to celebrate the past achievements of the organization, and to rethink its future goals and methods. At a time when the debate on linguistic diversity is taking a new turn, which is conditioned, above all, by changes in the paradigm of communication and global sociodemographic structure, we propose a „restart“ of Linguapax. We intend to do this at a meeting that will close the celebration of this 30th year.

During this celebration, the 2017 International Linguapax award will also be presented. The award, the selection process for which Madame Vigdís routinely contributes to, is unique, and awarded annually in recognition of the exceptional work of individuals or entities for linguistic diversity and multilingual education. The winner of the 2017 edition, Matthias Brenzinger, founder and director of CALDI (the Centre for African Language Diversity) at the University of Cape Town, will attend the ceremony.

The strategic context of the ceremony will be an appropriate occasion for Linguapax to pay homage to Madame Vigdís Finnbogadóttir: For her valuable contributions to the field of linguistics, for her relentless defence of the value of the mother tongue, the value of multilingualism, and for being so deeply involved in integrating immigrants and their languages and cultures. This Centre for Multilingualism and Intercultural Understanding, to which she has contributed so generously and decisively, is a well-deserved testament to her tireless work.

For this reason I am pleased to make this announcement and invite you all to join us later this year to participate in the celebration, the homage and the debate hosted by Linguapax.

May I wish the staff of the Vigdís Finnbogadóttir Centre for Multilingualism and Intercultural Understanding success and enjoyment in their work for the languages of the world.

Thank you very much.

Vigdís Finnbogadóttir fv. forseti Íslands

Virðulegi forseti vor og frú Eliza.

Á þessari góðu stund er mér efst í huga innilegt þakklæti til þeirra sem hafa gert VERÖLD, höll tungumálanna á Íslandi, að veruleika.

Tungumál eru til alls fyrst. Ekkert gerist fyrr en við breytum hugsunum okkar í orð – á sexþúsund tungumálunum sem til eru á jörðinni. Þau standa misjafnlega sterk eins og við sjálf, mannverur í heimi hér, – of mörg eiga undir högg að sækja – en dauði tungumáls er menningarslys sem kemur niður á öllu mannkyni, öllum þjóðum.

Í blýhólki sem múraður var inn í vesturvegg og lagður sem hornsteinn að VERÖLD – húsi Vigdísar þann 19. júní 2016 er geymdur eftirfarandi texti:

„Mál er manns aðal.



„Ef þú vilt fullkominn vera í fróðleik þá nem þú allar tungur en týn þó eigi að heldur þinni tungu,“ segir í Konungsskuggsjá frá 13. öld.

Hús þetta er reist til vegsemdar þjóðtungum heimsins sem varðveita minningar og sögu mannkynsins. Ekkert leiðarljós á betur við tungumálabyggingu Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum við Háskóla Íslands, sem helguð verður þekkingu um heiminn, viðsýni yfir þá veröld sem er handan við hafið, en sá aldagamli fróðleikur sem skráður er í Konungsskuggsjá.

Mannveran talar og hugsar á tungumáli. Tungumálin í veröldinni erum við, þú og ég, hvar sem við erum stödd í heiminum.

Tungumál sameinar alla þá sem skilja það.

Tungumál heimsins eru minnisbanki kynslóðanna.

Alls staðar á jörðinni bergmála tungumálin með orðum um umhverfi mannsins, visku, erfðahefðir og staðhætti.

Þeir sem búa yfir kunnáttu á öðrum tungumálum hafa viðsýni og skilning, geta byggt brýr á milli þjóða og stuðlað að einingu og friði.

Vigdísarstofnun – alþjóðleg miðstöð tungumála og menningar er samstarfsverkefni Íslands og UNESCO, menningar- og vísindastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Vigdísarstofnun er ætlað mikilvægt hlutverk á heimsvísu, að vekja leika sem lærða til vitundar um gildi tungumála og tungumálakunnáttu með því að rannsaka, kenna og miðla þekkingu um tungumál á heimsvísu til almennings og vísindasamfélagsins.

Þessi tungumálabygging er eign íslensku þjóðarinnar allrar og býður jafnframt velkomna alla þá sem vilja eiga samræðu um tungumál heimsins. Vigdísarstofnun mun með starfsemi sinni hafa mikið aðdráttarafli og því munum við deila henni með öðrum þjóðum.

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum snýst um heimsmenningu og tungumálabyggingin rís sem slík með Háskóla Íslands í stafni.“

Textinn er undirritaður af Jóni Atla Benediktssyni rektor og þeirri sem hér stendur.

Mörgum ber að þakka að nú er unnt að vígja alþjóðatungumálahöll á Íslandi, þrem rektorum Háskóla Íslands og þrem forsetum Hugvísindadeildar skólans, sem allar stundir hvöttu til verka, – snjöllum arkitektunum sem eru sannkallaðir listamenn með í senn fegurð og mikið hugvit að leiðarljósi, byggingarnefnd sem skipuð er einörðu öndvegisfólki, verktökum og verkstjórum sem unnu að því að reisa húsið, sem við erum að vígja í dag og vönduðu til vandasamra verka sinna af aðdáunarverðri alúð og stýrðu piltunum öllum, sem fóru að þeirra fyrirætlum.

Þá vil ég þakka einlæglega öllu því rausnarlega fólki, einstökum velvildarmönnum, sem hefur stutt stofnunina og þessa byggingu sem nú er risin með veglegum framlögum, velvilja og því sem allrabest er að eiga: hugsjón. Þar ekki síst metum við mikils þá vináttu sem við höfum orðið vitni að hjá bræðrabjóðum okkar, sem voru í flokki þeirra sem gerðu okkur kleift eftir minnisvert andstreymi í fjármálum á Íslandi að láta ekki deigan síga.

Síðast en ekki síst vil ég fá að þakka Auði Hauksdóttur, prófessor í dönsku við Háskóla Íslands, sem átti hugmyndina að því að mynduð var, á 90 ára afmæli Háskólans árið 2001, alþjóðleg tungumálastofnun sem nú hefur eignast það hús sem við vígjum í dag. Hún hefur leitt þá merku stofnun frá upphafi. Við erum öll sem hér hafa komið að málum samdóma um að hún hefur leitt þessa stofnun, sem nú hefur fengið veglegan samastað, af fádæma dugnaði og atorku ... svo annað eins hefur ekki sést í sjö sýslum ...

Ég býð nú okkur öllum að ganga yfir í Veröld – hús Vigdísar, alþjóðlega miðstöð tungumála og menningar sem við vitum að getur víða um lönd látið um sig muna. Við óskum okkur öllum til hamingju með þá merku stofnun – sem er einstök í hinni stóru veröld.

Að lokinni hátíðardagskránni í Háskólabíói var gengið yfir í Veröld þar sem Vigdís Finnbogadóttir og Jón Atli Benediktsson rektor buðu gesti velkomna. Á leiðinni milli húsanna og í Veröld hljómuðu söngvar frá ýmsum löndum í flutningi barna- og ungmennakóra, en þeir voru: Háskólakórinn, stjórnandi Gunnsteinn Ólafsson, Kvennakór Háskólans, stjórnandi Margrét Bóasdóttir, Kór tónlistardeildar Listaháskóla Íslands, stjórnandi Sigurður Halldórsson, Flensborgarkórinn, stjórnandi Hrafnhildur Blomsterberg, Kór Öldutúnsskólans og Litli kór Öldutúnsskóla, stjórnandi Brynhildur Auðbjargadóttir, Vox Feminae, Domus Vox og Cantabile, stjórnandi Margrét J. Pálmadóttir, og Stúlknakór Reykjavíkur, stjórnandi Sigríður Soffía Hafliðadóttir.

Mikill fjöldi gesta lagði leið sína í Veröld þar sem boðið var upp á söng, tónlistaratriði og listflutning, auk þess sem veitingar voru fram bornar í boði Bláa lónsins.

Veröld

hús Vigdísar

Framlög | Contributions:

Háskóli Íslands gegnum Happpdrætti Háskóla Íslands | University of Iceland via the University Lottery. Sjóðir | Funds: A.P. Møller og Hustru Chastine Mc-Kinney Møllers Fond til almene Formaal í Danmörku, Spron sjóðurinn (til fyrirlestrasalar) **Ríkisstjórn Íslands | The Government of Iceland. Færeyska lögþingið | Løgting Faroese parliament. Sveitarfélög | Municipalities:** Reykjavíkurborg, Tjörneshreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur. **Íslensk fyrirtæki | Icelandic corporations:** Landsbankinn, Actavis Group, Icelandic Group, Íslandsbanki, Alheims Auður (til Vigdísarstofu), Atlantsolía, Icelandair Group, Veritas Capital, Eimskip, Hótel Saga, P.S. Fasteignir ehf. Kaupfélag Skagfirðinga, Auður Capital, Íslandsstofa, Landslag, Ritmál ehf. **Erlendar stofnanir og fyrirtæki | Corporations and bodies in other countries:** KLP-Bank í Noregi, Universitetet i Bergen í Noregi, BERO/Eric De Rothschild Projet í Frakklandi, Nord-Trøndelag Elektrisitetsverk (NTE) í Noregi, Framherji í Færeyjum, Pf Føroya Banki í Færeyjum, Pf Atlantic Airways í Færeyjum, Smyril Line í Færeyjum, Pf Tryggingarfélagið Føroyar í Færeyjum, Sparebank 1 í Noregi, ESTeamAB í Berlín í Þýskalandi / Guðrún Magnúsdóttir, Icelandic Roots / Sunna Furstenu í Bandaríkjunum. **Innlend félög og samtök | Icelandic organisations:** Kennarasamband Íslands (til fyrirlestrasalar), Bandalag háskólamanna, Félag kvenna í atvinnurekstri, Íslensk-japanska félagið, Kvenréttindafélag Íslands, Rótarýklúbbur Kópavogs, Verkfræðingafélag Íslands, Félag þýskukennara, Alliance Française í Reykjavík, STÍL Samtök tungumála-kennara á Íslandi. **Erlend félög og samtök | Organisations in other countries:** Læraförbundet í Svíþjóð, Utdanningsforbundet í Noregi, Hekla Club í Minnesota í Bandaríkjunum, OAJ - Undervisningssektorns Fackorganisation í Finnlandi. **Einstaklingar | Individual donors:** Bjarni Ármannsson og Helga Sverrisdóttir, Ingunn Wernersdóttir (til Vigdísarstofu), Ragnheiður Jóna Jónsdóttir (til Vigdísarstofu), Berta Bragadóttir og fjölskylda (til fyrirlestrasalar), Guðbjörg Edda Eggertsdóttir, Berglind Björk Jónsdóttir, Gunnar Snorri Gunnarsson, Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir, Aþena Vigdís Eggertsdóttir, Ásta Sigríður Eggertsdóttir, Eva María Eggertsdóttir, Kristín Indriðadóttir, Anna G. Sverrisdóttir og Sigurjón Einarsson, Björk Guðmundsdóttir, Sigrún Blöndal, Auður Hauksdóttir, Guðrún Ágústsdóttir, Helga Tatjana Zharov, Peter Holbrook, Sigrún Aðalbjarnardóttir, Stefania Magnúsdóttir, Svavar Gestsson, Þórhildur Oddsdóttir, Auður Torfadóttir, Berglind Inga Gunnarsdóttir, Guðrún Björk Guðsteinsdóttir, Harpa Birgisdóttir, Hrönn Greipsdóttir, Ingjaldur Hannibalsson, Jón Atli Benediktsson, Kornélius Sigmundsson, Kristín Aðalsteinsdóttir, Kristín Ingvarsdóttir, Kristjana Þórdís Jónsdóttir, Lilja Jóhannsdóttir, Magnús Snædal, Oddný G. Sverrisdóttir, Óli Hörður Þórðarson, Sigurður Halldór..., Tómas Helgason, Tómas Helgason, Úlfar Bragason, Svanhildur Halldórsdóttir, Hjördís Guðmundsdóttir, Magnús Kristinsson, Birna Bjarnadóttir, Ragnheiður Jóna Jónsdóttir, Arna Matthildur Eggertsdóttir, Arnbjörg Stefánsdóttir, Guðmundur Sigvaldason, Helga Pálína Brynjólfsson, Hildur S. Þorsteinsdóttir, Ingibjörg Gu..., Klemenz Guðmundsson, Kristbjörg Jónsdóttir, Pétur Þorleifsson, Sigprúður Zophoniasdóttir, Sólrún Einarsdóttir, Theodóra Þorsteinsdóttir, Auður Anna Kristinsdóttir, Ásta Ósk Hlökkversdóttir, Birna G. Bjarnleifsdóttir, Guðmunda Lára Guðmundsdóttir, Katrín Sif Stefánsdóttir, Þórarinn Björnsson, Inga Bryndís Jónsdóttir, Ingibjörg Kristleifsdóttir. **Enn fremur lögðu fram fé ónafngreindir og nokkur hundruð ópersónugreinanlegar greiðslur bárust í síma í söfnunarátaki | Anonymous donations and unidentifiable telephone donations arising from fundraising campaign.**

Nánar | For further information see: www.vigdis.hi.is



Opunarsýning um störf og hugðarefni Vigdísar

Í tilefni af vigslu Veraldar – húss Vigdísar var efnt til sýningarinnar SAMTAL – DIALOGUE til heiðurs Vigdísí Finnbogadóttur þar sem fjallað er í máli og myndum um störf hennar og hugðarefni. Meðal annars er sagt frá námsárum Vigdísar erlendis og starfi hennar sem frönskukennari, leiðsögumaður og leikhússtjóri Leikfélags Reykjavíkur. Gerð er grein fyrir fjölbreyttu hlutverki hennar sem forseta á árunum 1980-1996 og öllu því mikla starfi sem hún hefur unnið eftir að forsetatíð lauk, m.a. sem velgjörðarsendiherra tungumála á vegum UNESCO, Mennta-, menningar- og vísindastofnunar Sameinuðu þjóðanna og sem einstakur liðsmaður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Í sýningunni fá gestir innsýn í hugðarefni Vigdísar, nokkrar uppáhaldsbækur, tilvitnanir og kvæði og kynnast hugtökum sem Vigdísí hafa verið hugleikin, svo sem heiðarleiki, mannréttindi, þekking, jafnrétti, framfarir, víðsýni og menntun.

Sýningarstjórn og hönnun sýningarinnar var í höndum Þórunnar S. Þorgrímsdóttur. Bryndís Sverrisdóttir var ritstjóri og höfundur sýningartexta og Salbjörg R. Jónsdóttir sá um grafíska hönnun, en lýsingu hannaði Páll Ragnarsson. Anna Yeats sá um þýðingar og Valgerður Jónasdóttir annaðist myndvinnslu og öflun myndefnis. Nanna H. Grettisdóttir tók upp myndefni úr Vinaskógi. Efni úr kvikmyndinni Ljós heimsins er eftir Ragnar Halldórsson.

Sýningin var unnin í samráði við Auði Hauksdóttur, Kolbrúnu Halldórsdóttur og Ástríði Magnúsdóttur.



Styrkir til vígslu Veraldar

Til að mæta kostnaði við vígslu Veraldar og hönnun opnunarsýningar var haft samband við fyrirtæki og félagasamtök um fjárstyrki. Sem endranær mætti stofnunin mikilli velvild og rausnarskap þeirra sem leitað var til. Íslandsbanki styrkti gerð heimasíðu um Vigdís, sem er aðgengileg í Veröld, með 2,5 milljóna króna framlagi og Isavia lagði stofnuninni til 2 milljónir króna. Eimskip og Landsbankinn veittu stofnuninni 1 milljón króna styrk hvort fyrirtæki og Íslandsstofa styrkti stofnunina með 650 þúsund króna framlagi. Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og Toyota á Íslandi styrktu verkefnið með 500 þúsund krónur hvert. Þá styrktu Hótel Holt og Exton stofnunina myndarlega með beinum og óbeinum hætti.

Loks má nefna að félagar Vigdísar í Rótaryklúbbi Reykjavíkur – Miðborg styrktu stofnunina myndarlega með því að gefa peningagjöf til kaupa á forkunnarfallegu B&O-tæki sem prýðir Vigdísarstofu. Bræðurnir Ormsson lögðu til það sem upp á vantaði til að fullfjármagna tækið.

Starfsmönnum stofnunarinnar var mikið í mun að standa myndarlega að vígslu Veraldar þannig að öllum mætti verða sómi að. Ómetanlegt framlag velunnara stofnunarinnar gerði gæfumuninn og fyrir það verður seint þakkað.

Á vígsludaginn bárust stofnuninni heillaóskir, blóm og gjafir frá fjölmörgum samstarfsaðilum m.a. Stofnun Árna Magnússonar og Bændahöllinni.



Vígsla Vigdísartorgs og setning Menningarnætur

Í tengslum við stórafmæli Vigdísar Finnbogadóttur árið 2010 samþykkti Reykjavíkurborg að taka þátt í uppbyggingu torgs til heiðurs Vigdísar við fyrirhugaða nýbyggingu stofnunarinnar og í mars 2014 samþykkti borgarráð að standa straum af kostnaði við gerð torgsins. Þann 19. ágúst 2017 vígði Jón Atli Benediktsson rektor Vigdísartorg og við sama tækifæri setti Dagur B. Eggertsson Menningarnótt í Reykjavík í blíðskaparveðri og að viðstöddu fjölmenni. Vigdís Finnbogadóttir gróðursetti tré á torginu með aðstoð nokkurra barna. Í ávarpi sínu vék Jón Atli Benediktsson að farsælu samstarfi Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar og sagði m.a.:

„Það er heiður fyrir Háskóla Íslands að setning Menningarnætur skuli að þessu sinni fara fram á háskólalóðinni, nánar til tekið hér á þessu torgi við *Veröld – hús Vigdísar*, nýjustu byggingu Háskóla Íslands sem var vígð á sumardaginn fyrsta 20. apríl sl.

Í mínum huga er sérlega vel til fundið að setja Menningarnótt einmitt hér, því að Háskóli Íslands er ekki aðeins menntastofnun heldur er hann einnig og ekki síður mikilvæg menningarstofnun. Með því á ég ekki aðeins við að Háskólinn er með margvíslegum hætti virkur þátttakandi í menningarlífi borgarinnar, heldur liggur það í eðli hans sem menntastofnunar að vera jafnframt menningarstofnun. Vissulega er það hlutverk háskóla að afla þekkingar, miðla henni og þjálfa nemendur til að takast á hendur margvísleg hagnýt störf. En háskólum ber ekki síður skylda til að leggja rækt við nemendur sína og stuðla að því að þeir öðlist þroska og verði þannig betri manneskjur.

Mig langar í þessu sambandi að vitna í orð Páls Skúlasonar, prófessors í heimspeki og fyrrverandi rektors Háskóla Íslands, sem því miður lést fyrir aldur fram árið 2015 – orð sem hann flutti í útvarpserindi árið 1994 og bar einmitt heitið *Hvað er menning?*

„Menning er allt,“ sagði Páll, „sem mannar mennina, styrkir þá og stælir í baráttu við þau verk sem lífið leggur þeim á herðar. Ómenning er allt sem skemmir mennina, dregur úr mætti þeirra til að lifa lífinu og spillir lífsskilyrðum þeirra. Heilsurækt heyrir til menningar – ofdrykkja er ómenning. (...) Að byggja vönduð hús og fögur er menning – að byggja léleg hús og ljót er ómenning. (...) Að taka til eftir sig er menning – að skilja eftir sig rusl er ómenning.“ Þegar allt kemur til alls, sagði Páll í erindinu, er menning skipuleg viðleitni manna til að takast sameiginlega á við meginlífsverkefni; að læra að skynja veruleikann, læra að framkvæma hluti og læra að staðsetja sig í veröldinni í sambýli við aðra.





Góðir gestir. Á sama hátt og Háskóli Íslands er bæði menntastofnun og menningarstofnun þá er Reykjavík í senn menningarborg og háskólaborg. Það hefur verið sérlega ánægjulegt að starfa með borgaryfirvöldum að margvíslegri uppbyggingu og framfarumálum á síðustu árum, en Reykjavíkurborg hefur einmitt stutt við gerð torgsins hér með myndarlegum hætti, auk þess sem hér á eftir verður undirritaður samstarfssamningur um stuðning við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum við Háskóla Íslands. Fyrir þetta vil ég þakka borgarstjóra og tveimur forverum hans.“

Við þetta tækifæri var samstarfssamningur Reykjavíkurborgar og Alþjóðlegrar miðstöðvar tungumála og menningar undirritaður, en hann felur í sér 3 milljóna króna árlegan styrk til miðstöðvarinnar til þriggja ára.

Við athöfnina söng Múltíkúltíkórinn undir stjórn Margrétar Pálsdóttur og Karlaóráinn Prestir undir stjórn Jóns Karls Einarssonar nokkur lög og í kjölfar setningar Menningarnætur voru ýmis skemmtiatriði í boði bæði á og við torgið. Athöfninni stjórnaði Auður Hauksdóttir, forstöðumaður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur.

Fjöldi gesta lagði leið sína í Veröld þennan dag og einnig daginn eftir, en ákveðið var að hafa húsið opið alla helgina og bjóða almenningi upp á ókeypis leiðsagnir í þakklætisskyni fyrir þá miklu velvild og þann víðtæka stuðning sem Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur hefur notið á undanförunum árum.

ALPJÓÐLEG MIÐSTÖÐ TUNGUMÁLA OG MENNINGAR



Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og Vigdís Finnbogadóttir hafa í mörg undanfarin ár unnið að því að koma á fót alþjóðlegri tungumála- og menningarmiðstöð við Háskóla Íslands. Í þeirri vinnu hefur munað mikið um dyggan stuðning sviðsforystunnar og yfirstjórnar Háskóla Íslands, sem og árangursríka samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Styrkur frá Ríkisbankens Jubileumsfond gerði það mögulegt að kalla til liðs við stofnunina hóp sérfræðinga, sem hefur verið henni til ráðuneytis frá árinu 2008 um væntanlega starfsemi Alþjóðlegu tungumálamiðstöðvarinnar. Ráðgjafarhópurinn skipa nú þau Anju Saxena, prófessor við Uppsalaháskóla, Bernard Comrie, prófessor í málvísindum við Kaliforníuháskóla í Santa Barbara, Jens Allwood, fyrrverandi prófessor við Gautaborgarháskóla, Peter Austin, prófessor við SOAS, Lundúnaháskóla, Lars Borin, prófessor og forstöðumaður Språkbanken við Gautaborgarháskóla, og Anne Holmen, prófessor við Kaupmannahafnarháskóla.

Hinn 15. apríl 2013 undirritaði Katrín Jakobsdóttir, þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra, samstarfssamning milli íslenskra stjórnvalda og UNESCO um að Alþjóðleg miðstöð tungumála og menningar yrði starfrækt undir merkjum UNESCO og fimmtudaginn 27. júní sama ár undirritaði Irina Bokova, þáverandi aðalframkvæmdastjóri UNESCO, samninginn fyrir hönd sinnar stofnunar. Í samningnum er m.a. kveðið á um markmið og hlutverk miðstöðvarinnar, sjá eftirfarandi:



Markmið:

- a. stuðla að fjöltyngi til að auka skilning, samskipti og virðingu milli menningarheima og þjóða;
- b. auka vitund um mikilvægi tungumála sem grunnþátt í menningararfleifð mannkyns;
- c. leggja sitt af mörkum til varðveislu tungumála;
- d. sinna hlutverki miðlunarstöðvar á sviði fjöltyngis og fjölbreytni tungumála fyrir ákvarðandi aðila, sérfræðinga og almenning;
- e. stuðla að þýðingum og þýðingafræðum með það fyrir augum að auka ánægju af menningarlegri fjölbreytni og þvermenningarlegum skilningi;
- f. leggja sitt af mörkum til vöktunar á framkvæmd málstefnu og málstýringar á sviði móðurmála með fjöltyngi að leiðarljósi;
- g. stuðla að rannsóknum og menntun á erlendum tungumálum og menningu;
- h. styðja og stuðla að rannsóknum á móðurmálum sem hluta af almennum mannréttindum;
- i. stuðla að athugunum, greiningum og tölfræðisamantektum á þýðingaflæði.

Hlutverk:

- a. vinna að og hvetja til varðveislu tungumála með því að viðhalda og styðja stafræn gagnasöfn fyrir tungumál heims;
- b. styðja lífgun tungumála og skapa „tungumálasafn“ – sambland af raunverulegu safni og sýndarveruleikasafni með sýningum sem hægt verður að njóta á staðnum og á Netinu;
- c. stuðla að og miðla rannsóknum um tungumál og menningu sem þætti í menningararfleifð mannkyns með því að styðja rannsóknarstöður fyrir framúrskarandi fræðimenn, einnig frá þróunarlöndum;
- d. bjóða upp á vettvang og aðstöðu fyrir doktorsnema og fræðimenn erlendis frá, einkum frá þróunarlöndum;
- e. hugsa upp og miðla um allan heim áætlunum og aðferðum til að styðja tungumál í útrýmingarhættu og þjóðtungur með rannsóknaverkefnum, ráðstefnum og útgáfu;
- f. styðja framúrskarandi rannsóknir á sviði málstefnu og málpólitíkur;
- g. útvega aðstöðu og sérfræðiþekkingu fyrir rannsóknaverkefni og miðla niðurstöðum með sérstöku tilliti til markmiða Vigðisastofnunar;
- h. sýna hvernig viðhorf til móðurmálsins og skýr málstefna geti aukið læsi og menntun fyrir tilstilli rannsóknaverkefna og miðlunar þekkingar;
- i. þróa alþjóðlegan umræðuvettvang;
- j. vinna með öllum viðeigandi UNESCO-verkefnum, einkum á sviði vöktunar á þýðingaflæði, eins og Index Translationum (Alþjóðlegu þýðingaskrárinnar).

Stjórn alþjóðlegu tungumálamiðstöðvarinnar

Hinn 15. apríl 2014 skipaði þáverandi forseti Hugvísindasviðs, Ástráður Eysteinnsson, Alþjóðlegu tungumálamiðstöðinni stjórn til þriggja ára. Í byrjun árs 2017 skipaði síðan Guðmundur Hálfðanarson forseti Hugvísindasviðs nýja 6 manna stjórn í samræmi við reglur miðstöðvarinnar. UNESCO tilnefndi Susanne Schnuttgen sem fulltrúa sinn í stjórn, en óskaði eftir því síðar á árinu að Irmgarda Kasinskaite Buddeberg tæki sæti í stjórn í hennar stað. Aðrir stjórnarmenn eru: Eiríkur Smári Sigurðarson, rannsóknastjóri við Hugvísindasvið Háskóla Íslands, tilnefndur af íslensku UNESCO-nefndinni, Guðrún Kvaran, prófessor emerita í íslensku, tilnefnd af mennta- og menningarmálaráðherra og af hálfu SVF sitja í stjórninni þau Auður Hauksdóttir, prófessor í dönsku, formaður, Ásdís R. Magnúsdóttir, prófessor í frönsku máli og bókmenntum, og Þórhallur Eyþórsson, prófessor í málvísindum við námsleið í ensku. Fram að því að formleg starfsemi miðstöðvarinnar hófst í apríl 2017, snérist vinna stjórnar fyrst og fremst um það að undirbúa starfsemi Alþjóðlegu tungumálamiðstöðvarinnar.



Vistfræði tungumála og tungumálatengsl á Vestur-Norðurlöndum í brennidepli

Við undirbúning á starfsemi Alþjóðlegu tungumálamiðstöðvarinnar var ákveðið innan Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og síðar af stjórn miðstöðvarinnar að fyrstu árin yrðu helguð vistfræði tungumála á Vestur-Norðurlöndum, bæði rannsóknum og miðlun upplýsinga um tungumál og menningu á vestnorræna svæðinu. Strax var lögð áhersla á samstarf við sérfræðinga um rannsóknir á vistfræði og tengslum tungumála og menningar á vesturströnd Noregs, í Færeyjum, á Íslandi og Grænlandi. Í því skyni hafði Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur frumkvæði að því að mynda fjölþjóðlegt teymi fræðimanna frá vestnorræna svæðinu, sem Auður Hauksdóttir er í forystu fyrir. Auk þess var rætt um nauðsyn þess að huga sem fyrst að því hvernig auka mætti þekkingu manna á tungumálum og menningu á Vestur-Norðurlöndum með menningarviðburðum, svo sem fyrirlestrum og sýningum af ólíkum toga.

Fjárstuðningur til reksturs Alþjóðlegu miðstöðvarinnar

Í nóvember 2016 átti forstöðumaður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur fund með Sigurði Inga Jóhannssyni, þáverandi forsætisráðherra, til að kanna möguleika á aðkomu ríkisins að rekstri Alþjóðlegu miðstöðvarinnar fyrstu þrjú árin, en reiknað er með að til lengri tíma litið geti rekstur miðstöðvarinnar orðið sjálfbær. Í framhaldi fundarins var sent skriflegt erindi til ríkisstjórnarinnar þar sem falast var eftir fjárhagslegum stuðningi til reksturs miðstöðvarinnar til þriggja ára, einkum til að mæta kostnaði við sýningahald í Veröld og greiðslu launa. Á fundi ríkisstjórnarinnar hinn 8. nóvember var samþykkt að verða við erindi SVF, en þar sem um starfsstjórn var að ræða var málinu vísað til fjárlagagerðar. Um áramótin 2016/2017 samþykkti ríkisstjórnin að styrkja stofnunina með árlegu 20 milljóna króna framlagi til þriggja ára. Í sama tilgangi var leitað eftir styrkjum hjá Reykjavíkurborg og nágrennasveitarfélögunum. Reykjavíkurborg samþykkti að styrkja rekstur Alþjóðlegu tungumálamiðstöðvarinnar með árlegu 3 milljóna króna framlagi til þriggja ára og var samningur þess efnis undirritaður í tengslum við vígslu Vigdísartorgs. Hafnarfjarðarbær samþykkti að styrkja miðstöðina með 750 þúsund króna framlagi á árinu 2017, Garðabær með 300 þúsund króna framlagi, Mosfellsbær um 200 þúsund og Seltjarnarnes 110 þúsund. Þessir rausnarlegu styrkir skipta miðstöðina gríðarlega miklu máli, en þeim verður varið til að greiða laun viðburða- og kynningarstjóra og mæta kostnaði við sýningahald.

Endurútgáfa á bókinni *Tungumál ljúka upp heimum*

Bókin *Tungumál ljúka upp heimum. Orð handa Vigdís* kom út árið 2010, þegar 30 ár voru liðin frá kjöri og embættistöku Vigdísar Finnbogadóttur í embætti forseta Íslands. 27 íslenskir höfundar skrifuðu og gáfu Vigdís texta með hugleiðingum sínum um tungumál í von um að draumur hennar um alþjóðlega tungumálamiðstöð gæti ræst. Í byrjun árs 2017 var upplag bókarinnar á þrotum.

Í tilefni af vígslu Veraldar ákvað prentsmiðjan Oddi að styrkja stofnunina með því að kosta endurprentun bókarinnar í 1.000 eintökum. Allur ágóði af sölu bókarinnar rennur til verkefna á vegum Alþjóðlegu tungumálamiðstöðvarinnar.

Á árinu 2016 sótti forstöðumaður SVF um styrk til Fondet for Dansk-Islandsk Samarbejde til að mæta kostnaði við danska þýðingu á bókinni *Tungumál ljúka upp heimum*. Umsóknin hlaut jákvæða afgreiðslu og veitti sjóðurinn 15.000 DKK til verkefnisins. Erik Skyum-Nielsen, bókmenntafræðingi og þýðanda, var falið að þýða verkið og er bókin tilbúin til prentunar.





Framkvæmdastjóri hefur störf

Hinn 1. apríl hóf Sebastian Drude störf sem framkvæmdastjóri Alþjóðlegu tungumálamiðstöðvarinnar, en hann var valinn úr hópi 17 umsækjenda um starfið. Sebastian Drude er með doktorspróf hið meira frá Goethe Universität Frankfurt am Main og hefur gegnt rannsóknarstöðu við samanburðarmálfræðistofnun skólans.

Sebastian Drude hefur starfað sem vísindalegur verkefnisstjóri hjá Max Planck stofnuninni og yfirmaður tungumálasafns sömu stofnunar, auk þess sem hann hefur unnið að evrópsku verkefni (CLARIN) á sviði málfræðisrannsókna og stafrænnar tækni. Rektor Háskólans hefur tryggt fé til að mæta kostnaði við laun framkvæmdastjóra Alþjóðlegu tungumálamiðstöðvarinnar til þriggja ára.

Starfsemi Alþjóðlegu tungumálamiðstöðvarinnar ýtt úr vör

Alþjóðleg miðstöð tungumála og menningar, sem starfar innan vébanda Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, tók formlega til starfa hinn 20. apríl samhliða vígslu Veraldar – húss Vigdísar. Miðstöðin er starfrækt undir merkjum UNESCO, Mennta-, menningar- og vísindastofnunar Sameinuðu þjóðanna, og er vottuð sem stofnun í flokki II.

Fulltrúi UNESCO við opnunina var Soo Hyang Choi, yfirmaður deildar fyrir menntun, frið og sjálfbæra þróun, og átti hún fund með Sebastian Drude, framkvæmdastjóra miðstöðvarinnar, meðan á dvöl hennar hér á landi stóð. Kveðja Irenu Bokovu, aðalframkvæmdastjóra UNESCO, var flutt af myndbandi.



Samstarf við ELRA

Á opunardegi Alþjóðlegu tungumálamiðstöðvarinnar undirrituðu Evrópska málfanga-sambandið ELRA (e. European Language Resources Association) og Alþjóðleg miðstöð tungumála og menningar viljayfirlýsingu um samstarf sín á milli, en Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur hefur átt í samstarfi við sambandið undanfarin ár.

Khalid Choukri, forstöðumaður ELRA, dr. Joseph Mariani, heiðursforseti ELRA, Auður Hauksdóttir, stjórnarformaður Alþjóðlegu tungumálamiðstöðvarinnar, Sebastian Drude, framkvæmdastjóri miðstöðvarinnar, og Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, undirrituðu viljayfirlýsinguna í Vigdísarstofu.

ELRA og miðstöðin munu eiga samstarf um það hvernig hægt sé að takast á við tækni-legalar breytingar svo að öll tungumál geti þrífist í stafrænum heimi. Verkefnið verða af ýmsum toga. ELRA og tungumálamiðstöðin munu vinna saman að útgáfu og kynningum á ráðstefnum og hafa samþykkt að halda reglulega fundi til að deila skoðunum og áætlunum um ýmis mál. Að minnsta kosti einn viðburður verður skipulagður á hverju ári, ýmist í Reykjavík eða París.



Sameiginlegur fundur með alþjóðlegu ráðgjafanefndinni og vestnorræna samstarfsnetinu

Í tengslum við vígslu Veraldar og opunarhátíð Alþjóðlegu tungumálamiðstöðvarinnar stóð Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur fyrir fundi með vestnorræna samstarfsnetinu og alþjóðlegu ráðgjafanefndinni. Á fundinum var rætt um tækifæri til málvísinda og menningarrannsókna á vestnorræna svæðinu og miðlun þekkingar á tungumálum og menningu með tilkomu Alþjóðlegu tungumálamiðstöðvarinnar, annars vegar með hefðbundnum ráðstefnum, málþingum og fyrirlestrum og hins vegar með sýningahaldi og nýstárlegri miðlun með aðstoð tölvutækni og nýrra miðla.



Viðburðastjóri og kynningarstjóri ráðnir



Í maí var gengið frá ráðningu viðburðastjóra og kynningarstjóra fyrir Alþjóðlegu tungumálamiðstöðina og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur. Ákveðið var að starfshlutfallið skiptist þannig að 2/3 hlutar vinnuframlags hvors starfsmanns yrðu í þágu miðstöðvarinnar, en 1/3 í þágu SVF.

Mikill fjöldi umsókna barst um bæði störfin og voru þær Valgerður Jónasdóttir og Þórunn Elísabet Bogadóttir valdar úr hópi umsækjenda. Valgerður var ráðin í starf viðburðastjóra og Þórunn í starf kynningarstjóra. Valgerður Jónasdóttir er grafískur hönnuður að mennt og auk þess með BS-próf í sálfræði og MA-próf í þróunarfræði. Hún hafði starfað áður hjá Creditinfo og við verkefnisstjórnun hjá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur. Þórunn er með BA-próf í stjórnmálafræði og kynjafræði og MSc-próf í alþjóða- og Evrópastjórnmálum. Hún hefur mikla reynslu af starfi hjá fjölmiðlum, m.a. sem blaðamaður hjá Morgunblaðinu, Fréttablaðinu og Kjarnanum.

Störf stjórnar og framkvæmdastjórnar

Frá því að miðstöðin hóf starfsemi sína 20. apríl hefur stjórnin komið saman þrisvar sinnum. Til þess að auka skilvirkni við stjórn miðstöðvarinnar var ákveðið á stjórnarfundi 9. október að skipa framkvæmdastjórn sem bæri ábyrgð á starfi miðstöðvarinnar á milli formlegra stjórnarfunda, en slík tilhögun er í samræmi við samning íslenskra stjórnvalda og UNESCO og starfsreglur tungumálamiðstöðvarinnar. Framkvæmdastjórnina skipa Guðrún Kvaran, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytisins, og þau Auður Hauksdóttir, Ásdís R. Magnúsdóttir og Þórhallur Eypórsson, sem öll eru fulltrúar SVF.



Starfsemi Alþjóðlegu tungumálamiðstöðvarinnar

Frá því að miðstöðin tók til starfa hefur verið unnið að því að renna stoðum undir starfsemi í húsinu. Áhersla hefur verið lögð á að laða að gesti, enda hafa bæði syningin um líf og hugðarefni Vigdísar og hönnun hússins vakið jákvæða athygli víða. Ákveðið var að ráða starfsmann tímabundið til þess að taka á móti gestum og veita þeim leiðsögn um bygginguna. Ólöf Ingólfssdóttir var ráðin til þessara starfa til loka ársins. Störf hennar fólust í því að skipuleggja skoðunarferðir um húsið og fræða gesti um Vigdís, hönnun hússins og starfsemi í byggingunni. Áfram verður boðið upp á slíka leiðsögn gegn þóknun.

Mikil eftirspurn hefur verið eftir byggingunni og fjöldi viðburða haldinn í Veröld. Margir þessara viðburða hafa verið skipulagðir af starfsfólki Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og einnig hafa viðburðir, sem tengjast sérstökum áherslum miðstöðvarinnar, verið skipulagðir af henni í samstarfi við aðra. Meðal slíkra viðburða má nefna vígslu Vigdísartorgs og aðra viðburði á Menningarnótt í Reykjavík, ráðstefnuna Móðurmál sem fram fór í ágúst og dag þýðenda sem haldinn var 30. september. Miðstöðin tók einnig þátt í skipulagningu dagskrár á degi íslenskrar tungu ásamt Árnastofnun og Borgarbókasafninu og tók virkan þátt í Polyglot-ráðstefnunni á Íslandi.



Samstarf við Café Lingua – stefnumót við tungumál

Café Lingua – lifandi tungumál er áhugaverður vettvangur fyrir tungumálanám sem Borgarbókasafn Reykjavíkur hefur um árabíl staðið fyrir í samstarfi við ýmsa aðila, m.a. Mála- og menningardeild, Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, námsleið í íslensku sem öðru máli og Íslenskuþorpið. Tilgangurinn með Café Lingua er að skapa aðstæður fyrir tungumálanám með því að stefna saman tungumálanemum til að deila með öðrum móðurmáli sínu og því tungumáli sem þeir eru að læra.

Haustið 2017 gerðist Alþjóðlega tungumálamiðstöðin formlega aðili að verkefninu Café Lingua og Veröld varð einn þeirra föstu staða þar sem tungumálastefnumót fara fram. Opnunardagskrá vetrarins var haldin í Veröld í ágúst undir titlinum „Fjölbreytileiki tungumála og tungumál í útrýmingarhættu“ þar sem Sebastian Drude, framkvæmdastjóri Alþjóðlegu tungumálamiðstöðvarinnar, hélt framsöguerindi.

Alls voru fimm viðburðir á vegum Café Lingua haldnir í Veröld á haustmisseri 2017.

Fjármagn og verkefni fram undan

Til þess að ná markmiðum sínum þarf Alþjóðlega tungumálamiðstöðin að tryggja alþjóðlegt fjármagn til rannsókna, útgáfu og annarra verka. Miðstöðin hefur leitast við að styðja við fræðimenn Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og samstarfsaðila, en hefur einnig hafist handa við að leita styrkja til eigin verka. Miðstöðin hefur leitað til mögulegra samstarfsaðila um verkefni á sviði fjölyngis, margbreytileika tungumála, þýðinga, menningar og fleira. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að miðstöðin vinni að gerð gagnvirkra tungumálakorta til að setja fram upplýsingar um tungumál á nýstárlegan hátt.

Evrópski tungumáladagurinn

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneytið og STÍL – Samtök tungumálakennara á Íslandi efndi til málþings í tilefni Evrópska tungumáladagsins þann 26. september. Yfirskrift málþingsins var „Mál er manns aðal: Tungumálakennsla fyrr og nú – staða og áskoranir“. Starfandi og fyrrverandi tungumálakennurum var sérstaklega boðið til málþingsins og til að kynna sér aðstöðu og starfsemi í Veröld – húsi Vigdísar. Málþingið var vel sótt, en á annað hundrað fyrrverandi og núverandi tungumálakennarar og aðrir gestir mættu til að hlusta á áhugaverða umfjöllun um stöðu og áskoranir í tungumálakennslu.

Auður Hauksdóttir, forstöðumaður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, opnaði málþingið og Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands og velgjörðarsendiherra tungumála hjá UNESCO, flutti ávarp. Að því loknu fjölluðu þör kennara um stöðu einstakra tungumála í grunn- og framhaldsskólum í ljósi þróunarinnar síðustu ár. Þannig fjölluðu Auður Torfadóttir, fyrrverandi dósent í ensku, og Agnes Ósk Valdimarsdóttir, enskukennari við Fjölbrautaskólann í Ármúla, um stöðu og áskoranir í enskukennslu. Guðrún Tulinius, spænskukennari við Menntaskólann í Hamrahlíð, og Hildur Jónsdóttir, spænskukennari við Framhaldsskólann í Mosfellsbæ, vörpuðu ljósi á stöðu og áskoranir í spænskukennslu.

Þá ræddu Ásmundur Guðmundsson, fyrrverandi þýskukennari í Menntaskólanum í Reykjavík, og Solveig Þórðardóttir, þýskukennari í Menntaskólanum við Sund, um stöðu þýskukennslu. Í forföllum Jörunnar Tómasdóttur kynnti Petrína Rós Karlsdóttir, frönskukennari og formaður STÍL, áheyrendum sýn Jörunnar á frönskukennslu og Solveig Simha, frönskukennari við Landakotsskóla, gerði grein fyrir tækifærum til sóknar frönskukennara í grunnskólum.

Stella Guðmundsdóttir, fyrrverandi skólastjóri og dönskukennari við Æfingaskóla Kennaraháskóla Íslands, gerði grein fyrir afar áhugaverðum tilrauna- og þróunarverkefnum í dönskukennslu, sem hún var þátttakandi í á sínum tíma, og fólu í sér nemendaheimsóknir og bréfaskipti danskra og íslenskra nemenda. Pelle Damby Carøe, dönskukennari við Fjölbrautaskóla Suðurlands, fjallaði um nýbreytni í dönskukennslu og hvernig auka mætti hvata nemenda til dönskunáms.

Kórinn Vox Feminae söng í upphafi málþingsins undir stjórn Margrétar J. Pálmadóttur. Fundarstjóri var Hafdís Ingvarsdóttir, prófessor emerita.





FYRIRLESTRAR Á VEGUM SVF

Vormisseri

- Vilhjálmur Bjarnason, alþingismaður og lektor í viðskiptafræði við HÍ: „Markaðsfræði og þýðingar. Heimborgarinn Halldór Kiljan Marie Pierre Laxness.“ Þjóðminjasafnið, 13. janúar.
- Rebekka Þráinsdóttir, aðjunkt í rússnesku við HÍ: „Að fanga stemmninguna í verkum Alexanders Púshkíns. Um væntanlegar þýðingar á prósaverkum Púshkíns, *Spaða-drottningunni* og *Stöðvarstjóranum*.“ Þjóðminjasafnið, 9. febrúar.
- Sofiya Zahova, nýdoktor og fræðimaður við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur: „Bókmenntir Rómavíkinga. Söguleg þróun og áskoranir samtímans.“ Þjóðminjasafnið, 6. apríl.
- Kristín Guðrún Jónsdóttir, dósent í spænsku við HÍ: „Smásögur og menningarsamfélög. Spjall um val smásagna í úrvalsrit.“ Þjóðminjasafnið, 11. maí.
- Viola G. Miglio, dósent í málvísindum í deild spænsku og portúgölsku við Kaliforníu-háskóla í Santa Barbara og gestadósent við Mála- og menningardeild HÍ: „Mikilvægi tungumála sem eru lítið kennd.“ Veröld, 19. maí.



Haustmisseri

- Gema Areta Marigó, sérfræðingur í kúbverskum, mexíkóskum og suður-amerískum bókmenntum: „La Isla en Peso: Perpetual hangover (1943-1969).“ Veröld, 5. september.
- Juan Pablo Mora, dósent í málvísindum við Sevilla-háskóla: „Kennsla erlendra tungumála á tímum alþjóðavæðingar og internets.“ Veröld, 7. september.
- Esmeralda Santiago, rithöfundur og þýðandi: „Uppskrift að lífi.“ Veröld, 8. september.
- Averil Coxhead, prófessor við Victoria-háskóla: „Academic and professional English vocabulary: Technicality, frequency, and word lists.“ Veröld, 14. september.
- Francesca Cricelli, doktorsnemi við háskólann í Sao Paulo: „Þýðingar og ljóð í ástarbréfum Ungarettis til Brunu Bianco.“ Veröld, 5. október.
- Teresa M. Ziqués, doktor frá Tecnocampus University Centre: „Re-visiting the readings of the present perfect and the role of the present tense.“ Veröld, 16. október.
- Walescka Pino-Ojeda, dósent við háskólann í Auckland: „Reframing Social Memory: Working through Trauma under Neoliberalism in Chilean Cinema.“ Háskólatorg, 18. október.
- Rita Gairola Khanduri, dósent við háskólann í Texas-Arlington: „The conspiracy of laughter and the prosecution of humor in global times.“ Veröld, 18. október.
- Þórhildur Oddsdóttir, aðjunkt í dönsku við HÍ: „Menntun tungumálakennara – kröfur í starfi.“ Veröld, 19. október.
- Bindu Malieckal, prófessor í ensku í Saint Anselm College: „Kryddleiðin: Íslamskir kaupmenn í Indlandi, Srí Lanka og Indónesíu á landafundatímabilinu.“ Veröld, 6. nóvember.
- Marilyn Lambert-Drache, aðstoðarframkvæmdastjóri alþjóðadeildar York-háskóla: „Tungumálakennsla og alþjóðavæðing: áskoranir og tækifæri.“ Veröld, 9. nóvember.
- Þórhallur Eypórsson, prófessor í málvísindum við HÍ: „Tungumálakennsla og kímni.“ Veröld, 16. nóvember.
- Ásta Ingibjartsdóttir, aðjunkt í frönskum fræðum við HÍ: „Tungumálanám – til hvers?“ Veröld, 30. nóvember.
- Kolbrún Lilja Kolbeinsdóttir, bókmenntafræðingur: „Bókmenntir Mesópótamíu.“ Veröld, 30. nóvember.
- Hólmfríður Garðarsdóttir, prófessor í spænsku við HÍ: „Tungumálakennsla og kvikmyndir.“ Veröld, 7. desember.

ÚTGÁFA FRÆÐIRITA

• **milli mála**

[Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum]

Milli mála – Tímarit um erlend tungumál og menningu

Milli mála – Tímarit um erlend tungumál og menningu kom út í níunda sinn á árinu og í þriðja sinn í opnum aðgangi á <http://millimala.hi.is/>

Ritstjórar voru þeir Gísli Magnússon, dósent í dönsku, og Þórhallur Eypórsson, prófessor í málvísindum.

Í tímaritinu *Milli mála* eru birtar ritrýndar fræðigreinar á íslensku, dönsku, norsku, sænsku, ensku, frönsku, spænsku og þýsku á sviði erlendra tungumála, bókmennta, þýðinga, málvísinda og menntunarfræði. Einnig eru þar birtar þýðingar, viðtöl, ritdómar og bóka- kynningar.

Hefti ársins 2017 inniheldur átta ritrýndar greinar eftir innlenda og erlenda fræðimenn, m.a. fræðimenn SVF. Þar er einnig að finna viðtal við Vigdís Finnbogadóttur og þýðingar á íslensku eftir Hólmfríði Garðarsdóttur og Erlu Erlendsdóttur. Sjá nánar um efni tímaritsins á www.millimala.hi.is/.

„Frá Púshkín til Pasternaks“ – kennslubók í rússneskum bókmenntum fyrir nemendur í rússnesku

Bókin „Frá Púshkín til Pasternaks“ er fyrsta kennslubókin í rússneskum bókmenntum á íslensku. Í bókinni er fjallað á íslensku um helstu höfunda Rússlands og Sovétríkjanna á 19. og 20. öld, ævi-feril þeirra og verk. Hver kafli er helgaður einum höfundi og verkum hans, auk þess sem birtir eru valdir textar á rússnesku með íslenskum orðalista auk orðskýringa og menningarfræðiskýringa á rússnesku. Ritstjórar eru Rebekka Þráinsdóttir, aðjunkt í rússnesku við Háskóla Íslands, og Olga Korotkova, dósent í rússnesku við Lomonosov-háskólann í Moskvu.



ALÞJÓÐLEG SAMSTARFSNET OG ÞRÓUNARVERKEFNI

Vefnámskeiðin Icelandic Online



Icelandic Online er samstarfsverkefni Hugvísindasviðs Háskóla Íslands, Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Um er að ræða sjö vefnámskeið í íslensku sem öðru máli sem tekin voru til notkunar á tímabilinu 2004-2013. Námskeiðin eru ætluð til sjálfsnáms og öllum opin án endurgjalds. Nú hafa 180.000 manns víðs vegar um heim skráð sig í námskeiðin og þar af eru nú um 60.000 virkir notendur. Auk þess að vera notuð í sjálfstýrðu námi eru námskeiðin nýtt í skipulögðu námi við Háskóla Íslands og erlenda háskóla þar sem nútímaíslenska er kennd.

Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor í ensku og annarsmálsfræðum við Háskóla Íslands, er verkefnisstjóri Icelandic Online en hún hefur ásamt Úlfari Bragasyni, rannsóknarprófessor við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, og Kolbrúnu Friðriksdóttur, kennara í íslensku sem öðru máli, stýrt þróun verkefnisins frá upphafi.

Til að mæta snjalltækjavæðingu samfélagsins og breyttum áherslum í tölvustuddri tungumálakennslu á síðustu árum var hafist handa við endurforritun Icelandic Online námskeiðanna árið 2014. Daniel Páll Jóhannsson, Össur Ingi Jónsson, Sigurður Birkir Sigurðsson, Úlfur Alexander Einarsson, Kristófer Reykjalin Þorláksson, Nu Phan Quynh og Huy Van Nguyen, tölvunarfræðinemar í Háskóla Íslands, hafa séð um forritun og tæknivinnu við nýja vefinn undir stjórn Patricks Thomas máltölvunarfræðings sem hefur verið verkefnisstjórninni til ráðgjafar allt frá því að fyrsta Icelandic Online námskeiðið var unnið. Katrín Elíasdóttir sá um hönnun á nýju útliti vefsins. Halldóra Þorlaksdóttir starfar sem ritstjóri og við yfirfærslu og aðlögun námskeiðanna að nýja vefumhverfinu



en þau hafa verið löguð að öllum tegundum snjalltækja, spjaldtölva og farsíma. Í árslok 2017 höfðu þrjú endurforrituð námskeið verið opnuð en ráðgert er að yfirfærslu allra námskeiðanna verði lokið árið 2018. Meðal nýjunga á endurforrituðum vef Icelandic Online er nýtt vöktunarkerfi sem mælir og greinir framvindu nemenda en Kolbrún Friðriksdóttir byggir á þeim gagnagrunni í doktorsrannsókn sinni á námshegðun nema í vefnámskeiðunum. Árið 2017 hófst vinna við þróun kennarastýrðra námskeiða innan kerfisins í samvinnu við Tungumálamiðstöð Háskóla Íslands sem mun ljúka árið 2018.

Icelandic Online hóf samvinnu við Fróðskaparsetrið í Færeyjum um að gera sams konar námskeið í færeysku sem öðru máli árið 2015. Fyrsta netnámskeiðið í færeysku var opnað við hátíðlega athöfn þann 13. september 2016. Þá hófst samstarf við Helsinki-háskóla árið 2016 um að vinna vefnámskeið í finnländssænsku sem öðru máli en það byggist einnig á hugmyndafræði Icelandic Online. Fyrsta námskeiðið í finnländssænsku var opnað árið 2017 og þá hófst einnig vinna við annað námskeið.

Verkefnið hefur notið fjárhagsstuðnings frá Lingua-áætlun ESB, Nordplus Sprog áætluninni og Kennslumálasjóði Háskóla Íslands auk þess sem Ríkisútvarpið, Ljósmyndasafn Reykjavíkur og fjöldi einstaklinga og stofnana hafa lagt verkefninu lið. Rektorsskrifstofan, Vinnumálastofnun, Nordplus Voksen og Nordplus Sprog áætlanirnar hafa stutt endurforritun Icelandic Online og samstarf verkefnisstjórnarinnar við Fróðskaparsetrið og Helsinki-háskóla.

Icelandic Online verkefnið hlaut Hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands (2. verðlaun) árið 2005 og sérstaka viðurkenningu fyrir störf í þágu íslensks máls á degi íslenskrar tungu árið 2014.



LEXIA – íslensk-frönsk veforðabók

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum leiðir vinnu við gerð íslensk-franskrar veforðabókar, LEXIU, í samstarfi við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Verkefnið, sem hófst í október 2015, er styrkt af mennta- og menningarmálaráðuneytinu og Miðstöð franskra bókmennta, Centre National du Livre, ásamt franska menningar- og samskiptaráðuneytinu. Það er jafnframt hluti af fjölþjóðlegu samstarfsverkefni á háskólastigi sem styrkt er af Erasmus+ áætluninni. Erlendir samstarfsaðilar eru Sorbonne-háskóli í Frakklandi og Gautaborgarháskóli í Svíþjóð.



Rósa Elín Davíðsdóttir, ritstjóri franska hluta orðabókarinnar.

Ritstjórar orðabókarinnar eru Þórdís Úlfarsdóttir fyrir íslenska hlutann og Rósa Elín Davíðsdóttir fyrir þann franska.

Í maí 2017 fundaði ritstjórnarteymi franska hluta orðabókarinnar í Sorbonne-háskóla í París. Fundinn sóttu ritstjóri og fræðimenn sem annast verkefnið fyrir SVF ásamt samstarfsaðilum frá Sorbonne-háskóla og Gautaborgarháskóla.

Á fundinum var framvinda orðabókarvinnunnar rædd og aðferðafræði og framsetning upplýsinga samræmd. Hópnum gafst jafnframt tækifæri til að fara yfir helstu vandamál sem komið hafa upp við vinnuna við markmálið, frönsku, og finna lausnir á þeim í sameiningu.

Við þetta tækifæri var notendaviðmót veforðabókarinnar kynnt fyrir fulltrúum franskra styrktaraðila í sendiherrabústað sendherra Íslands í París.

Samstarfsnetið Sprog- og kulturkontakt i Vestnorden

Við undirbúning Alþjóðlegu tungumálamiðstöðvarinnar var ákveðið innan Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur að vistfræði tungumála og tungumálatengsl á Vestur-Norðurlöndum yrðu í brennidepli á fyrstu starfsárum miðstöðvarinnar. Til að renna stoðum undir rannsóknir af þessu tagi var lögð áhersla á að hefja samstarf við sérfræðinga um vistfræði og tengsl tungumála og menningar á vesturströnd Noregs, í Færeyjum, á Íslandi og Grænlandi. Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur hafði frumkvæði að því að mynda fjölþjóðlegt teymi fræðimanna sem hafa stundað rannsóknir á vestnorræna svæðinu. Rannsóknahópurinn, sem Auður Hauksdóttir prófessor er í forystu fyrir, hefur tvívegis fengið styrk frá Nordplus Sprog til að mæta kostnaði við samstarfsnetið, en þátttakendur í því eru Karen Langgård, lektor við Háskólann í Nuuk,



Per Langgård og Katti Frederiksen, sérfræðingar hjá Málráði Grænlands, Brit Mæhlum, prófessor við NTNU í Brándheimi, Gunnstein Akselberg, prófessor við Háskólann í Bergen, Elizabeth Lanza, prófessor við Háskólann í Osló, Nina Møller Andersen og Karoline Kühl, lektorar við Kaupmannahafnarháskóla, Peter Juel Henrichsen, dósent við Verslunarháskólann í Kaupmannahöfn, Zakaris Svabo Hansen og Bergur D. Hansen, lektorar við Fróðskaparsetur Færeyja, og Malan Marnersdóttir, prófessor við sama skóla, og Ulla Börestam, prófessor við Uppsalaháskóla. Fræðimenn frá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur eru, auk Auðar, þau Birna Arnbjörnsdóttir prófessor, dr. Birna Bjarnadóttir, Gísli Magnússon dósent, Guðrún Kvaran prófessor emerita, Kristján Árnason prófessor emeritus, Pernille Folkmann lektor, Þórhallur Eyþórsson prófessor og Þórhildur Oddsdóttir aðjunkt.

Fundur í samstarfsnetinu var haldinn í tengslum við vígslu Veraldar og opnun Alþjóðlegu tungumálamiðstöðvarinnar 20. apríl, og þá gafst einnig tækifæri til að funda með nokkrum sérfræðingum í alþjóðlegu ráðgjafanefndinni, þeim Anju Saxena, Jens Allwood, Lars Borin, Bernard Comrie og Peter Austin.

Á vordögum fengu nokkrir fræðimenn netsins, þau Auður Hauksdóttir, Gunnstein Akselberg og Zakaris Svabo Hansen, 6,5 milljóna króna styrk frá Nordplus Sprog til að rannsaka tengsl færeysku, íslensku og norsku við dönsku.

Rannsókn á stöðu dönskukennslu á Vestur-Norðurlöndum

Undanfarin ár hefur Þórhildur Oddsdóttir, aðjunkt í dönsku, leitt rannsókn á stöðu dönskukennslu við lok grunnskóla á Grænlandi, Íslandi og í Færeyjum. Verkefnið, sem hefur hlotið styrk frá Nordplus Sprog, er unnið í samvinnu við Brynhildi Önnu Ragnarsdóttur forstöðumann Tungumálavers Reykjavíkurborgar og Bergþóru Kristjánsdóttur lektor við Háskólann í Árósum. Sjá nánar um verkefnið á heimasíðunni www.dansk-1-2-3.hi.is.

Talerum - tölvuleikur í þágu dönskunáms

Auður Hauksdóttir vinnur að þróun tölvuleiks fyrir dönskunám í samvinnu við Peter Juel Henrichsen, doktor í tölvumálvísindum, og Björn Þorvarðarson, BS í tölvunarfræði. Leiknum er ætlað að auðvelda færeyskum, grænenskum og íslenskum nemendum dönskunám, einkum tileinkun talmáls og þjálfun gagnvirkra tjáskipta. Pelle Damby Carøe, MA í dönskukennslu og kennari við Fjölbrautaskóla Suðurlands, hefur með höndum tilraunakennslu á leiknum í íslenskum skólum. Verkefnið hefur hlotið styrki frá Nordplus Sprog og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.





AÐRIR VIÐBURÐIR

Japanshátíð

Hin árlega Japanshátíð fór fram laugardaginn 27. janúar í Veröld. Þar gafst gestum og gangandi tækifæri til að kynna japansku menningu af eigin raun, m.a. að brjóta origami, teikna mangafígúrus og berja glæsilegan japanskan klæðnað og fagrar Ikebana-blómaskreytingar augum. Gestir fengu einnig að kynna japönskum tesidum, dreypa á ljúffengu japönsku tei og bragða japanskan mat. Á sérstökum tungumálabás var hægt að fræðast um töfra japanskrar tungu og fá nafn sitt ritað á japönsku.

Japönsk dægurmenning skipaði veglegan sess á hátíðinni. Japönsk dægurtónlist (J-pop) var kynnt og nemandur sungu og spiluðu lög úr þekktum Anime-teiknimyndum ásamt sígildri japansku tónlist. Hefðbundinn japanskur klæðnaður var sýndur og kynntur á sérstakri tískusýningu og jafnframt stigu sérfræðingar í japansku bardagalist á stökk og sýndu listir sínar.

Einn af hápunktum Japanshátíðarinnar síðustu ár hefur verið svokölluð Cosplay-búningakeppni, þar sem keppendur klæðast búningum byggðum á frægum persónum úr japönskum teiknimyndum.

Upplýsingar um nám í japönsku og skiptinám við japanska háskóla lágu frammi á hátíðinni, auk þess sem gestum gafst kostur á að kynna sér starfsemi Íslensk-japanska félagsins og Félags Japansmenntaðra á Íslandi.

Kínversk nýárshátíð

Efnt var til menningarveislu í tilefni kínverska nýársins laugardaginn 24. febrúar á Háskólatorgi. Hátíðin hófst með drekadansi og síðan tók við fjölbreytt dagskrá á Háskólatorgi þar sem allir gátu fundið eitthvað við sitt hæfi. Til dæmis gátu gestir notið bardagalistar, kínverskrar tónlistar, karaókís og skrautskriftar eða gætt sér á ljúffengum kínverskum mat og dreypt á kínversku gæðatei.

Kvenleiðtogar heims heimsækja Veröld

Heimsþing alþjóðasamtakanna WPL, Women Political Leaders, var haldið í Hörpu dagana 28.–30. nóvember. Á heimsþingið mættu um 400 kven-stjórnmalaleiðtogar frá um 100 löndum. Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, var sérstakur verndari heimsþingsins. Í samvinnu við Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, framkvæmdastjóra WPL, og Silvönu Koch-Mehrin, forseta samtakanna, efndi Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, Alþjóðlega tungumálamiðstöðin og Reykjavíkurborg til dagskrár í Veröld – húsi Vigdísar þriðjudagskvöldið 28. nóvember undir yfirskriftinni „How women leaders change the world“. Í byrjun dagskrár voru gestir boðnir velkomnir með söng 65 kvenna kórs undir stjórn Margrétar J. Pálmadóttur kórstjóra. Vigdís Finnbogadóttir flutti ávarp og að því loknu fóru fram pallborðsumræður, þar sem Marie-Louise Coleiro Preca, forseti Möltu, Nkosazana Dlamini-Zuma, fyrrverandi stjórnarformaður Afríkubandalagsins, og Helen Clark, fyrrverandi forsætisráðherra Nýja-Sjálands, tóku þátt ásamt Silvönu Koch-Mehrin, forseta WPL.

Á heimsþinginu í Hörpu voru Vigdís veitt sérstök heiðursverðlaun. Í þakkarávarpi sínu gerði hún mikilvægi tungumála og tungumálakunnáttu að umtalsefni og sagði m.a.: „Tungumál er meira en bara tæki til að eiga samskipti, það er hlið til annarra landa, menningar og upplifunar. Forsenda friðar er skilningur, eða í það minnsta vilji, til að vera opinn fyrir annarri menningu og sýn. Það sama getur auðvitað einnig átt við um konur. Þær berjast gegn kúgun. Þegar ráðandi tungumálið hefur verið rödd karla er nauðsynlegt að draga tungumál kvenna fram á sjónarsviðið,“ sagði Vigdís í þakkarræðunni og bætti við: „Raddir kvenna verða að heyrast.“



Þýðendaping

Miðstöð íslenskra bókmennta efndi til þýðendapings í samvinnu við SVF og aðra hagsmunaaðila í Veröld – húsi Vigdísar dagana 11. –12. september. Á þinginu komu saman 30 þýðendur frá 17 málsvæðum, jafnt reyndir þýðendur sem nýir. Tungumálin sem þeir þýða á eru danska, enska, finnska, franska, galísíska, hollenska, ítalska, kínverska, norska, portúgalska, pólska, serbneska, spænska, sænska, tékkneska, ungverska og þýska.

Dagskrá þingsins var þétt í formi vinnustofa og fyrirlestra höfunda og sérfræðinga um hvaðeina sem lýtur að íslensku máli og gildi þýðinga fyrir höfunda og menningu þjóðarinnar.

Þingið var haldið í beinu framhaldi af Bókmenntahátíð í Reykjavík 2017. Þetta er í annað skipti sem slíkt þing er haldið hér á landi sameiginlega fyrir þýðendur íslenskra bókmennta á ýmis erlend mál, en fyrsta þingið var haldið árið 2009 í aðdraganda heiðursþátttöku Íslands á bókasýningunni í Frankfurt. Einnig hafa áður verið haldin norræn þýðendaping.

Miðstöð íslenskra bókmennta hafði veg og vanda af undirbúningi og skipulagningu þingsins. Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum var einn samstarfsaðila að þinginu, ásamt Árnastofnun, Félagi íslenskra bókaútgefenda, Bandalagi þýðenda og túlka, Bókmenntahátíð í Reykjavík, Rithöfundasambandi Íslands og Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO.





Auður Hauksdóttir sæmd riddarakrossi Dannebrog-orðunnar

Margrét Danadrottning sæmdi Auði Hauksdóttur, prófessor í dönsku og forstöðumann Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, riddarakrossi Dannebrog-orðunnar af fyrstu gráðu í opinberri heimsókn forseta Íslands til Danmerkur þann 24. janúar 2017. Þetta var gert að frumkvæði Guðna Th. Jóhannessonar, forseta Íslands, en venja er að veita slíkar heiðursorður í tilefni af opinberum heimsóknum þjóðhöfðingja. Endanleg ákvörðun er í höndum Margrétar Danadrottningar.

Dannebrog-orðan af fyrstu gráðu er á meðal æðstu stiga orðuveitinga Danadrottningar og er því um að ræða mikla viðurkenningu. Þetta er þó ekki í fyrsta sinn sem Auður hlýtur viðurkenningu Danadrottningar því að hún var sæmd riddarakrossi Dannebrog-orðunnar árið 2007.



Gunnella Þorgeirsdóttir hlaut viðurkenningu utanríkisráðuneytis Japans

Á Japanshátíðinni veitti sendiherra Japans á Íslandi, Yasuhiko Kitagawa, viðurkenningu utanríkisráðuneytis Japans, Foreign Minister's Commendations for FY 2016. Viðurkenningin er veitt fyrir framúrskarandi árangur á alþjóðlegum vettvangi í að koma á vinskap og auka gagnkvæman skilning milli Japan og annarra þjóða. Það var Gunnella Þorgeirsdóttir, lektor og greinarformaður í japönsku við Háskóla Íslands, sem hlaut þessa viðurkenningu.



KONFÚSÍUSARSTOFNUNIN NORÐURLJÓS

Árið 2017 var tíunda starfsár Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljósa. Stofnunin er kínversk menningarstofnun sem rekin er í samstarfi Háskóla Íslands og Ningbo-háskóla og nýtur stuðnings Hanban, undirstofnunar kínverska menntamálaráðuneytisins. Nýr samstarfsamningur var undirritaður af háskólarektor og fulltrúa Hanban. Hann tryggir áframhaldandi stuðning við starfsemi stofnunarinnar til næstu fimm ára frá Háskóla Íslands og Hanban.

Stjórn Konfúsíusarstofnunarinnar, sem starfar innan vébanda Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, var óbreytt frá fyrra ári. Í henni sitja Xu Tiefeng, aðstoðarrektor Ningbo-háskóla, formaður, Chen Yujuan, forstöðukona alþjóðaskrifstofu Ningbo-háskóla, Guðmundur Hálfðanarson, forseti Hugvísindasviðs Háskóla Íslands, og Magnús Björnsson sem jafnframt gegnir stöðu forstöðumanns stofnunarinnar. Á árinu störfuðu sendikennararnir Qi Huimin sem kínverskur forstöðumaður, Liu Kailiang, og Fei Jie. Wang Linzhe kom sem nýr sendikennari til landsins á árinu. Aðrir starfsmenn, auk forstöðumanns, voru þær þorgerður Anna Björnsdóttir og Guðbjörg Ríkey Hauksdóttir verkefnisstjórar, samtals í hálfu starfi.

Kennsla

Meginhlutverk stofnunarinnar er að styðja við kennslu í námsleið í kínverskum fræðum við Mála- og menningardeild HÍ. Stofnunin vinnur aukinheldur að því að koma á kínverskukennslu í íslensku samfélagi, m.a. í samstarfi við grunn- og framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu. Á síðasta ári var haldið áfram með það góða starf sem unnið hefur verið í samstarfi við nokkra grunnskóla í Reykjavík. Eins var kínverska kennd í nokkrum framhaldsskólum með stuðningi stofnunarinnar. Í samstarfi við Íslenska ættleiðingu og Félag Kínverja á Íslandi hefur stofnunin staðið fyrir kennslu fyrir börn, bæði ættleidd og börn kínverskra innflytjenda á Íslandi. Með flutningi stofnunarinnar í nýtt og glæsilegt hús SVF í ár hefur aðstaðan til að sinna slíkri kennslu batna til muna og frá og með haustönn 2017 hefur verið boðið upp á kínverskukennslu barna um helgar sem farið hefur fram í Veröld – húsi Vigdísar.

Menningarviðburðir

Viðburðir sem Konfúsíusarstofnunin stóð fyrir á árinu voru fjölmargir. Stofnunin hélt sem fyrr segir sína hefðbundnu nýárshátíð í febrúar í tengslum við kínverska nýárið. Tókst hátíðin afar vel í alla staði og var sem fyrr fjölsótt.

Dagur Konfúsíusarstofnunarinnar var haldinn hátíðlegur í október á Landsbókasafninu og Veröld. Í tilefni dagsins komu fimm fræðimenn frá hinum virta Renmin-háskóla í Kína og fluttu erindi um mismunandi málefni tengd Kína. Voru fyrirlestrarnir vel sóttir. Í tengslum við daginn var síðan haldin hátíðardagskrá í Veröld þar sem m.a. kvennakór HÍ söng nokkur lög á íslensku og kínversku.

Málþing og fyrirlestrar

Í tilefni þess að í desember 2016 voru 45 ár liðin síðan Ísland og Kína tóku upp stjórn-málasamband stóðu Konfúsíusarstofnunin, Landsbókasafn Íslands – háskólabókasafn og Kínversk-íslenska menningarfélagið fyrir fyrirlestraröð um Kína og samskipti Íslands og Kína í gegnum tíðina.

Fyrirlestrar um ýmis efni tengd Kína og kínverskri menningu og samfélagi voru haldnir á vegum stofnunarinnar. Sem fyrr náði efni fyrirlestra yfir mjög víðtækt svið, frá kínverskri heimspeki til efnahags- og alþjóðamála. Meðal fyrirlesara voru fræðimenn bæði frá Kína og Evrópu.

Fornfræðistofa sett á laggirnar

Fornfræðistofa
COLLOQUIUM CLASSICUM
UNIVERSITATIS ISLANDIAE



Innan vébanda Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum starfar Fornfræðistofa sem stofnuð var 3. mars 2017. Markmið hennar er m.a. að vera vettvangur fyrir hvers kyns samstarf er varðar klassíska fornöld, leiða saman fræðimenn sem fást við fornfræði innan úr mismunandi greinum og efla klassísk fræði á Íslandi með því að styðja við kennslu og hvers kyns rannsóknir og miðlun

Eyjólfur Kjalar Emilsson flutti fyrsta opinbera fyrirlesturinn á vegum Fornfræðistofu 7. apríl 2017 undir yfirskriftinni Plotinus and Proclus on the nature and origin of evil.

Stjórn Fornfræðistofu skipa Geir Þórarinn Þórarinsson, aðjunkt í grísku og latínu, Rúnar Már Þorsteinsson, prófessor í guðfræði, og Svavar Hrafn Svavarsson, prófessor í heimspeki.

STYRKIR OG GJAFIR

Veglegir styrkir til reksturs SVF og Veraldar

Árið 2016 undirrituðu 11 stór fyrirtæki samninga um veglega styrki til Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur sem eru allir að, einum frátöldum, til þriggja ára. Fyrirtækin sem standa að samningunum eru Landsbankinn, Icelandair Group, Radisson Blu Hótel Saga, Arion banki, Alvogen, Bláa Lónið, Kvika, Reginn, Íslandsbanki, Íslandshótel og N1. Árleg framlög nema frá 500 þúsundum til 2 milljóna króna. Hæstu framlögin eru frá Landsbankanum (6 milljónir), Icelandair Group (4,5 milljónir) og Radisson Blu Hótel Sögu (3,5 milljónir). Alvogen, Arion banki, Bláa Lónið, Kvika og Reginn leggja stofnuninni til 3 milljónir og Íslandsbanki, Íslandshótel og N1 1,5 milljón króna. Alls nema styrkirinn því 33,5 milljónum króna á samningstímanum. Á árinu 2017 námu styrkir fyrirtækjanna 12 milljónum króna, sem átti að verja til daglegrar starfsemi Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og til undirbúnings Alþjóðlegrar miðstöðvar tungumála og menningar.

Með veglegum framlögum sínum lögðust fyrirtækin á árar með Háskóla Íslands í því skyni að efla stofnunina og hrinda metnaðarfullu verkefni í framkvæmd. Rausnarlegir styrkir fyrirtækjanna og áhugi þeirra á starfsemi Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur skipta gríðarlega miklu máli fyrir starfsemina og eru auk þess starfsfólki stofnunarinnar mikil hvatning.



Heimasíða Vigdísar www.vigdis.is



Undanfarin ár hefur verið unnið að uppbyggingu vefsíðunnar www.vigdis.is, þar sem fjallað er um líf og störf Vigdísar Finnbogadóttur. Valgerður Jónasdóttir hefur haldið utan um þetta viðamikla verkefni og séð bæði um hönnun vefjarins og val á myndefni. Í tengslum við opnunarsýninguna í Veröld í apríl var lögð áhersla á að gera vefinn enn betur úr garði. Á alþjóðabaráttudegi kvenna, hinn 8. mars, tilkynnti Birna Einarsdóttir bankastjóri um styrk Íslandsbanka til verkefnisins að upphæð 2,5 milljóna króna. Þessi myndarlegi styrkur gerði SVF kleift að þróa vefinn enn frekar. Í lok árs veitti Reykjavíkurborg 1 milljónar króna styrk til kaupa á myndefni. Efni heimasíðunnar hefur nú verið aukið til mikilla muna. Auk íslensku er hægt að fræðast um Vigdís á fjórum erlendum tungumálum; ensku, dönsku, þýsku og frönsku. Til stendur að auka enn frekar við efnið á næstunni og gera það aðgengilegt á fleiri erlendum tungumálum.



Veröld fær gjöf frá Hallveigarstöðum

Veröld – hús Vigdísar fékk 300 þúsund krónur að gjöf frá Kvennaheimilinu Hallveigarstöðum á kvenréttindadaginn 19. júní, sem einnig var 50 ára afmæli Hallveigarstaða.

Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, og Auður Hauksdóttir, forstöðumaður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, veittu gjöfinni viðtöku í afmælisveislu á Hallveigarstöðum. Þær tóku báðar til máls og þökkkuðu fyrir þann vinarhug sem gjöfinni fylgir.

Fríða Rós Valdimarsdóttir, formaður Kvenréttindafélags Íslands og formaður húsnefndar Hallveigarstaða, ávarpaði fundinn. Það gerði einnig Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands. Ragnheiður Gröndal söng við afmælishátíðina. Rúmlega 200 manns, langmest konur, komu á afmælishátíðina.

Styrktarsjóður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur

Styrktarsjóður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur hefur verið starfræktur frá árinu 2003 og er markmið hans að stuðla að vexti og viðgangi Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Vigdís Finnbogadóttir hefur verið formaður stjórnar sjóðsins frá upphafi, en auk hennar sitja í stjórn:

- Ragnheiður Jónsdóttir menntunarfræðingur
- Sigríður Th. Erlendsdóttir sagnfræðingur
- Steinþór Pálsson bankastjóri
- Vésteinn Ólason prófessor emeritus

Varamenn eru þau Salvör Jónsdóttir skipulagsfræðingur og Sigurður Helgason, fv. forstjóri. Sjóðurinn hefur styrkt fjölda verkefna á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur á undanförunum árum, einkum útgáfu fræðiritra. Á fundi stjórnar sjóðsins hinn 23. nóvember 2017 var ákveðið að veita styrki að upphæð 1.400.000 kr. til útgáfu fjögurra ritverka:

- *Milli mála – tímarit um tungumál og menningu 2016* – 450.000 kr.
- *Milli mála – tímarit um tungumál og menningu 2017* – 450.000 kr.

Stjórn Styrktarsjóðs SVF, frá vinstri: Steinþór Pálsson, Vigdís Finnbogadóttir, Vésteinn Ólason, Ragnheiður J. Jónsdóttir og Sigríður Erlendsdóttir.



- *Raddir frá Spáni*. Smásögur eftir spænskar konur – 200.000 kr.
- *Heiman og heim*. Greinasafn um verk Guðbergs Bergssonar – 300.000 kr.

Tímaritið *Milli mála* er rafrænt og birtist árlega á Open Journal Systems vef Háskóla Íslands: <https://ojs.hi.is/millimala>. Greinasafnið *Heiman og heim* verður gefið út í samvinnu við Hið íslenska bókmenntafélag.

Þakkir

Á tímamótum er starfsmönnum SVF ofarlega í huga þakklæti til þeirra fjölmörgu sem hafa lagt stofnuninni lið.

Vigdísi Finnbogadóttur er þakkað frábært samstarf á sögulegu ári og dýrmætt framlag hennar til menningar og tungumála bæði fyrir og síðar.

Ásmundi Stefánssyni, fv. bankastjóra Landsbankans, og Birnu Einarsdóttur, bankastjóra Íslandsbanka, eru færðar alúðarþakkir, en þau hafa reynst stofnuninni einstakir haukar í horni um langt skeið.

Dóru Ingvadóttur er þakkað mikilvægt vinnuframlag í þágu stofnunarinnar.

Jóni Atlasyni rektor eru færðar sérstakar þakkir fyrir árangursríkt samstarf, hvatningu og mikilvægt liðsinni. Þá vill stofnunin þakka Guðmundi R. Jónssyni, framkvæmdastjóra sameiginlegrar stjórnarsýslu, Sigurlaugu I. Lövdahl skrifstofustjóra og Eiríki Hilmarssyni, formanni byggingarnefndar SVF, fyrir einstaklega ánægjulega samvinnu og ómetanlegan stuðning við stofnunina.

Loks þakkar stofnunin Guðmundi Hálfðanarsyni, forseta Hugvísindasviðs, Oddnýju G. Sverrisdóttur, forseta Mála- og menningardeildar, Magnúsi Diðriki Baldurssyni skrifstofustjóra, Óskari Einarssyni rekstrarstjóra, Guðmundi Herði Guðmundssyni kynningarstjóra, Bernharð Antoniussen verkefnisstjóra, Eiríki Smára Sigurðarsyni rannsóknastjóra og Margréti Guðmundsdóttur verkefnisstjóra ásamt öðrum samstarfsmönnum á Hugvísindasviði fyrir góða samvinnu, sem og öllum velunnurum fyrir beinan og óbeinan stuðning við starfsemi stofnunarinnar.

STARFSFÓLK 2017

Aðild að Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum eiga 40 fræðimenn. Við Háskóla Íslands eru kennd 13 erlend tungumál og stunda fræðimenn við stofnunina rannsóknir og kennslu í þessum tungumálum og menningu þeirra. Starfsfólk stofnunarinnar eftir stafrófsröð:



AUÐUR HAUKSDÓTTIR

prófessor í dönsku máli, forstöðumaður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og formaður stjórnar Vigdísarstofnunar – alþjóðlegrar miðstöðvar tungumála og menningar.

Auður lauk doktorsnámi í dönsku frá Kaupmannahafnarháskóla árið 1998, cand.mag.-prófi frá sama skóla árið 1987 og BA-prófi í dönsku og heimspeki frá Háskóla Íslands árið 1977.

Rannsóknasvið Auðar er danskt mál, einkum danska sem erlent mál, samanburðarmálvísindi, tungumálatengsl og dönsk menning og tunga á Íslandi í sögu og samtíð.

Auður er í forystu fyrir samstarfsnetinu Sprog- og kulturkontakt i Vestnorden, þar sem fræðimenn frá Danmörku, Færeyjum, Grænlandi, Noregi og Svíþjóð taka þátt. Netið hefur hlotið styrk til þriggja ára frá Nordplus Sprog og Kultur-áætluninni. Þá leiðir hún rannsóknaverkefni um tengsl dönsku við færeysku, íslensku og norsku.

Auður leiðir tvö norræn rannsókn- og þróunarverkefni, sem beinast að tileinkun Færeyinga, Grænlandinga og Íslendinga á dönsku. Annars vegar er um að ræða námsgagnið www.taleboblen.hi.is til þjálfunar dansks talmáls, einkum framburðar, og hins vegar gagnvirkan tölvuleik, Talerum, til dönskunáms. Veglegir styrkir hafa fengist til verkefnanna, þeir stærstu frá Nordplus Sprog, Nordisk Kulturfond, Augustinus Fonden og frá sjóði danska og íslenska menntamálaráðuneytisins til eflingar dönskukennslu.



AUNE STOLZ

sendikennari.

Aune Stolz lauk meistaraþrófi í sagnfræði og þýsku árið 2013 frá Mainz og Helsinki. Eftir það lagði hún stund á þýsku sem erlent mál í Marburg þar til 2016. Eftir námið var hún í tíu mánuði í Tansaníu, þar sem hún kenndi þýsku við Háskólann í Dar Es Salaam.



ÁSDÍS R. MAGNÚSDÓTTIR

prófessor í frönsku máli og bókmenntum.

Ásdís lauk doktorsnámi í frönskum bókmenntum frá Stendhal-háskólanum (Grenoble III) í Grenoble í Frakklandi árið 1997. Hún lauk DEA-prófi frá sama skóla árið 1993, meistaraþrófi árið 1992 og licence-prófi árið 1991. Rannsóknir hennar eru einkum á sviði franskra bókmennta: miðaldabókmennta, miðaldaskáldsögunnar, riddarasagna, þýðinga og smásagna.

Ásdís vinnur að íslenski þýðingu á riddarasögum eftir Chrétien de Troyes og ýmsum rannsóknum á sviði franskra og íslenskra miðaldabókmennta, m.a. á miðaldabýðingum og útbreiðslu „efniviðarins frá Bretagne“ innan alþjóðlega verkefnisins *La matière arthurienne aux XVe-XVIe siècles en Europe*. Hún vinnur að gerð smásagnasafns með verkum eftir ýmsa franska kvenrithöfunda fyrri alda. Hún tekur þátt í rannsóknaverkefni um birtingarmyndir syndarinnar í vestrænum bókmenntum.



ÁSRÚN JÓHANNSDÓTTIR

aðjunkt í ensku.

Ásrún lauk MA-prófi í ensku frá Háskóla Íslands árið 2009 með áherslu á kennslu og tileinkun orðaforða á öðru og erlendu máli, diplóma í kennslufræði árið 2008 og BA-prófi í ensku frá Háskóla Íslands árið 2006. Hún lýkur við doktorsrannsókn á viðhorfi ungra nemenda til ensku á Íslandi og tileinkun þeirra á orðaforða í ensku 2018. Einnig er Ásrún þátttakandi í verkefninu *Modeling the linguistic consequences of digital language contact* hjá Málvísindastofnun, stjórnendur Eiríkur Rögnvaldsson og Sigríður Sigurjónsdóttir. Verkefnið skoðar návígi íslensku og ensku í stafrænu umhverfi og Ásrún skoðar þar tengsl orðaforðaþekkingar og notkunar á báðum málum hjá Íslendingum á öllum aldri.

Rannsóknasvið Ásrúnar lúta að tileinkun orðaforða í öðrum og erlendum málum, annarsmálsfræðum, tvítyngi, rannsóknaraðferðum í tungumálakennslu og tileinkun tungumála.

Áður en Ásrún kom til starfa sem aðjunkt við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda árið 2013 hafði hún starfað sem stundakennari í ensku við deildina frá árinu 2008, þar sem hún kenndi meðal annars málnotkun, ritun og tileinkun orðaforða á ensku.



ÁSTA INGIBJARTSDÓTTIR

aðjunkt í frönskum fræðum.

Ásta lauk meistaraprófi í málvísindum með áherslu á kennslu frönsku sem erlends máls. Meistararitgerð hennar fjallar um stöðu nemandans í orðræðu kennslufræðinnar. Rannsóknasvið hennar er þjálfun talaðs máls og notkun leiklistar í þeirri þjálfun.



BIRNA ARNBJÖRNSDÓTTIR

prófessor í annarsmálsfræðum.

Birna lauk doktorsnámi í almennum málvísindum frá Texas-háskóla í Austin í Bandaríkjunum árið 1990, meistaraprófi frá Háskólanum í Reading í Englandi árið 1977 og BA-prófi frá Háskóla Íslands árið 1975.

Rannsóknir hennar eru á sviði hagnýtra málvísinda, m.a. máltileinkunar, íslensku sem annars máls, fjarkennslu tungumála og ensku sem samskiptamáls. Birna hefur verið verkefnisstjóri *Icelandic Online* frá upphafi og stýrt þróun *The English Game*.

Síðastliðin ár hefur hún, í samvinnu við Hafdísí Ingvarsdóttur prófessor, unnið að rannsókn á stöðu ensku á Íslandi og er rannsóknin styrkt af Rannsóknamiðstöð Íslands og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.



ERLA ERLENSDÓTTIR

prófessor í spænsku.

Erla lauk doktorsnámi í spænskum fræðum frá Háskólanum í Barcelona á Spáni árið 2003, meistaraprófi frá sama háskóla 1999 og mag.art.-prófi í spænskum og norrænum fræðum frá Georg-August-háskólanum í Göttingen í Þýskalandi árið 1988. Hún stundaði nám í portúgölskum og brasilískum fræðum við Ludwig-Maximilian-háskólann í München og lauk þar ígildi BA-prófs árið 1993.

Helstu rannsóknasvið Erlu eru mál og menning spænskumælandi þjóða, félagsmálvísindi, orðfræði, orðsifjafræði, orðabókarfræði, bókmenntir Spánar og Kúbu, þýðingar, krónikur og skrif um landafundina.

Hún vinnur að bók um tökuorð úr tungumálum frumbyggja Suður- og Mið-Ameríku í spænsku og öðrum Evrópumálum. Þeirri vinnu tengist samevrópska rannsóknaverkefnið Denominaciones de alimentos indoamericanos e hispanoamericanos en varias lenguas europeas. Einnig er hún með í bígerð bók sem hefur að geyma smásögur spænskra kvenna á 20. og 21. öld (Raddir frá Spáni), sem og fræðilega útgáfu á íslenskum þýðingum á spænskum krónikum og þáttum frá 17., 18. og 19. öld. Þá vinnur hún að rannsóknaverkefninu Tengsl Spánar og Íslands í tímans rás. Um þessar mundir er hún að endurþýða skáldsöguna Nada eftir spænska rithöfundinn Carmen Laforet.



EYJÓLFUR MÁR SIGURÐSSON

deildarstjóri Tungumálamiðstöðvar Háskóla Íslands.

Eyjólfur lauk meistaraprófi í kennslufræði tungumála frá Sorbonne-háskóla í París (Paris III) í Frakklandi árið 1996. Í störfum sínum fyrir Tungumálamiðstöðina hefur Eyjólfur fyrst og fremst fengist við nemendastýrt tungumálanám, nemendasjálfræði og notkun upplýsingatækni við tungumálanám og kennslu.



FRANÇOIS HEENEN

aðjunkt í frönsku.

François lauk doktorsnámi í málvísindum með áherslu á indóevrópska samanburðarmálfræði frá Háskólanum í Vín í Austurríki árið 2002, MA-gráðu í frönskum fræðum frá Háskóla Íslands árið 2012 og BA-gráðu í almennum málvísindum frá Háskóla Íslands árið 1989.

Rannsóknasvið hans er samanburðarmálfræði með sérstakri áherslu á þróun indóíranskra mála, merkingarfræði og málnotkunarfræði. Um þessar mundir er François að rannsaka hlutverk og merkingu ýmissa sagnmynda á frönsku, svo sem imparfait og futur simple og vinnur að íslensk-franskri orðabók.



GEIR ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON

aðjunkt í grísku og latínu við Háskóla Íslands.

Geir lauk meistaraprófi frá Princeton-háskóla í Bandaríkjunum í klassískum fræðum með áherslu á heimspeki fornaldar og klassískar bókmenntir. Hann lauk BA-gráðu í heimspeki, grísku og latínu frá Háskóla Íslands árið 2004.

Geir kennir tungumál, bókmenntir, sögu og menningu Forngríkkja og Rómverja. Rannsóknir Geirs snúa einkum að heimspeki fornaldar.



GÍSLI MAGNÚSSON

dósent í dönskum bókmenntum.

Gísli lauk doktorsnámi við RWTH Aachen-háskólann en varði doktorsritgerð sína um Rainer Maria Rilke við Háskólann í Hróarskeldu árið 2008. Gísli lauk meistaraþrófi í þýsku og tónlist frá Kaupmannahafnarháskóla árið 2000. Hann var nýdoktor við Árósháskóla 2010-2012.

Rannsóknasvið Gísla eru þýskar og danskar bókmenntir, þýsk-skandinavísk menningartengsl um 1900 og þverfagleg tengsl á milli bókmennta og andlegra hreyfinga. Doktorsritgerð hans, *Dichtung als Erfahrungsmetaphysik. Esoterische und okkultistische Modernität bei Rainer Maria Rilke*, var gefin út árið 2009. Auk þess hefur hann skrifað greinar um hefð fagurfræðilegrar heimspeki í skáldsögunni Perlmanns Schweigen eftir Pascal Mercier, andlega mimesis-hugtakið í list og bókmenntum um 1900 og mikilvægi dulpekinnar í skáldsögunni *Den stille pige* eftir Peter Høeg.

Hann hefur þýtt úr íslensku yfir á dönsku, m.a. skáldsögur Böðvars Guðmundssonar, Híbyli vindanna og Lífsins tré, og fimm Íslendingasögur: Kjalnesinga sögu, Vopnfirðinga sögu, Reykdæla sögu og Víga-Skútu, Þorsteins sögu hvíta og Vallaljóts sögu. Gísli hefur einnig þýtt úr þýsku (David Safier) og ensku (Ken Wilber) yfir á dönsku.



GUÐRÚN BJÖRK GUÐSTEINSDÓTTIR

prófessor í enskum bókmenntum.

Guðrún lauk doktorsnámi frá Alberta-háskóla í Kanada í breskum, bandarískum og kanadískum bókmenntum árið 1993, meistaraþrófi frá sama skóla árið 1985 og BA-þrófi frá Háskóla Íslands árið 1982.

Rannsóknasvið hennar er sér í lagi rithefð Íslendinga og afkomenda þeirra í Norður-Ameríku, í samhengi við fjölmenningsbókmenntir, menningarstefnu og útgáfu. Guðrún leiðir nýtt alþjóðlegt meistaranám í Ameríkufræðum sem boðið er í samvinnu greinanna ensku, frönsku og spænsku við Háskóla Íslands.



GUNNELLA ÞORGEIRSDÓTTIR

lektor í japönskum fræðum.

Gunnella lauk doktorsnámi í Austur-Asíufræðum frá Sheffield-háskóla í Englandi árið 2015 og meistaraþrófi í þjóðfræði við sama skóla árið 2006.

Doktorsritgerð hennar fjallar um hjátrú og helgisiði tengda meðgöngu í japönsku samfélagi. Á meðan á rannsókninni stóð stundaði Gunnella nám við Kokugakuin-háskóla í Tókýó.

Aðaláherslur í rannsóknnum hennar eru japanskir þjóðhættir, hátíðir og helgisiðir, sem og þjóðfræði jaðarhópa og afþreyingarmening.



HÓLMFRÍÐUR GARÐARSDÓTTIR

prófessor í spænsku – með sérstakri áherslu á bókmenntir og kvikmyndir Rómönsku Ameríku.

Hólmfríður lauk doktorsnámi í bókmenntafræði og spænsku frá Texas-háskóla í Austin í Bandaríkjunum árið 2001, meistaraþrófi frá sama háskóla árið 1996, B.Ed.-þrófi frá Háskóla Íslands árið 1993 og BA-gráðu í spænsku frá Háskóla Íslands árið 1988. Hluta þess náms lauk hún við Buenos Aires háskóla í Argentínu.

Rannsóknasvið Hólmfríðar eru á vettvangi bókmennta og kvikmynda Rómönsku Ameríku, með sérstakri áherslu á birtingar- og sjálfmyndir kvenna. Hólmfríður hefur á undanförunum árum lagt sérstaka áherslu á bókmenntir minnihlutahópa frá Karíbahafsstönd Mið-Amerikulanda eins og Kosta Ríka, Panama, Nikaragva og Hondúras, og bókmenntir Rómönsku Ameríku með áherslu á samtímabókmenntir skrifaðar af konum og þá einkum bókmenntir argentínskra kvenna eftir 1990. Í seinni tíð hafa áherslur hennar auk þessa beinst að kvikmyndagerð í Rómönsku Ameríku samtímans. Hólmfríður hefur aukin heldur látið til sín taka sem þýðandi milli spænsku og íslensku, ekki hvað síst er lýtur að ljóðagerð. Væntanleg er frá Hólmfríði tvímála útgáfa ljóðasafns Pablos Neruda (en áður hafa komið út í ritstjórn Hólmfríðar tvímála útgáfur á ljóðum eftir Federico García Lorca og Jorge Luis Borges). Um þessar mundir vinnur hún að útgáfu þýðinga á íslenskum smá- og örsögum í Argentínu (tvær bækur hafa þegar komið út), frágangi smásagnasafns frá löndum Mið-Ameríku og bók um málefni minnihlutahópa við Karíbahafsströnd Mið-Ameríkuríkja.



INGIBJÖRG ÁGÚSTSDÓTTIR

dósent í breskum bókmenntum 19. og 20. aldar.

Ingibjörg lauk doktorsnámi í skoskum bókmenntum við Háskólann í Glasgow árið 2001. Hún lauk meistaraþrófi í ensku frá Háskóla Íslands árið 1995 og BA-þrófi í ensku frá sama skóla árið 1993.

Rannsóknasvið hennar eru breskar 19., 20. og 21. aldar bókmenntir, skoskar bókmenntir á 20. og 21. öld og sögulegar bókmenntir frá 19. öld fram til dagsins í dag. Ingibjörg vinnur um þessar mundir að rannsóknum á eftirfarandi efni: Skotland og norðrið; skoskar eyjar í sögulegum bókmenntum; Tudor-tímabilið í sögulegum skáldskap og kvikmyndum; drottningar og dægurmenning.



IRMA ERLINGSDÓTTIR

dósent í frönskum samtímabókmenntum.

Irma lauk doktorsnámi í frönskum samtímabókmenntum frá Sorbonne-háskóla í París árið 2012, DEA-þrófi í samtímabókmenntum frá Vincennes-háskóla (Paris VIII) í Frakklandi árið 1995, meistaraþrófi í samtímabókmenntum frá Paul-Valéry háskóla í Montpellier í Frakklandi árið 1994, licence-þrófi frá sama skóla árið 1993 og BA-gráðu í frönsku frá Háskóla Íslands árið 1992.

Rannsóknasvið Irmu eru franskar bókmenntir og heimspeki, menningarfræði, kynjafræði og samtímasaga. Irma hefur skrifað greinar, ritstýrt bókum og skipulagt ráðstefnur og viðburði. Árið 2000 var hún ráðin forstöðumaður Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands og gegnir hún enn þeirri stöðu. Irma er enn fremur forstöðumaður EDDU – öndvegisseturs og Jafnréttisskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna (UNU-GEST) við Háskóla Íslands.



JÓN ÓLAFSSON

prófessor í menningarfræði og rússnesku.

Jón lauk doktorsprófi í heimspeki við Columbia-háskóla í New York árið 2000. Hann lauk einnig gráðu (certificate) í Rússlandsfræðum við sama háskóla árið 1998, auk MA-prófs í heimspeki árið 1995 og M.Phil.-prófs árið 1996.

Helstu rannsóknasvið Jóns eru lýðræði og stjórnmálamenning, pólitísk siðfræði og saga Sovétríkjanna.

Hann vinnur nú að greinum um þekkingarmiðað lýðræði, spillingu og rússneska stjórnmálaorðræðu.



JÚLÍAN MELDON D'ARCY

prófessor í enskum bókmenntum.

Júlían lauk doktorsnámi í skoskum bókmenntum frá Aberdeen-háskóla í Bretlandi árið 1991, meistaraprófi frá Lancaster-háskóla árið 1971, B.Ed.-prófi frá St. Martin's College í Lancaster í Bretlandi 1972 og BA-gráðu í ensku máli og bókmenntum frá Lancaster-háskóla árið 1970.

Rannsóknasvið hans eru breskar og skoskar bókmenntir, sérstaklega skáldsagnagerð á 19. og 20. öld, og bandarískar og evrópskar íþróttabókmenntir. Um þessar mundir vinnur Júlían að nýrri bók um amerískan fótbolta í bandarískum bókmenntum, auk þess sem hann er að þýða ýmis verk eftir Þórberg Þórðarson.



KRISTÍN GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR

dósent í spænsku.

Kristín lauk doktorsnámi í rómönsk-amerískum fræðum frá Arizona State University 2004. Hún lauk meistaraprófi í spænskum og rómönsk-amerískum bókmenntum frá Madrídardeild New York University í Madríd 1986 og BA-gráðu í spænsku frá Universidad del Sagrado Corazón í Púertó Ríkó árið 1983. Einnig stundaði hún nám í bókmenntum spænskumælandi landa við Universidad Nacional Autónoma í Mexíkóborg 1981-1982 og spænskum fræðum við Universidad Complutense í Madríd 1979-1981. Rannsóknasvið hennar er bókmenntir og alþýðutrú á landamærum Mexíkós og Bandaríkjanna, alþýðudýrlingar Rómönsku Ameríku, smásögur og örsögur í Rómönsku Ameríku, bókmenntir á spænskumælandi eyjum Karíbahafs. Hún fæst einnig við þýðingar.

Kristín er í ritnefnd ritraðarinnar *Smásögur heimsins* en út hafa komið fyrstu tvö bindin helguð Norður-Ameríku og Rómönsku-Ameríku. Nú er unnið að bindinu með sögum frá Asíu. Kristín vinnur að úrvalssafni örsagna frá Rómönsku-Ameríku og greinasafninu *Tengsl Íslands og Spánar í tímans rás*.



LARS-GÖRAN JOHANSSON

sendikennari í sænsku.

Lars-Göran lauk fil.mag.-gráðu í norrænum tungumálum og bókmenntum frá Háskólanum í Uppsölum árið 1974 ásamt kennslufræði frá Háskólanum í Linköping 1977.

Rannsóknasvið Lars-Görans eru sænskar samtímabókmenntir.



MAGNÚS BJÖRNSSON

forstöðumaður Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljósa.

Magnús lauk meistaraprófi í alþjóðastjórnnumálum frá Renmin-háskóla í Peking í Kína árið 2000 og BA-gráðu í stjórn málafræði frá Háskóla Íslands árið 1997. Starfsvettvangur Magnúsar hefur að mestu verið á sviði kennslu og ferðaþjónustu ásamt túlkun og þýðingavinnu. Auk þess starfaði Magnús tímabundið í sendiráði Íslands í Peking og við heimssýninguna í Shanghai árið 2010.



MAGNÚS SIGURÐSSON

aðjunkt í þýsku.

Magnús lauk meistaraprófi í þýsku sem erlendu máli frá Heidelberg-háskóla í Þýskalandi árið 1983. Rannsóknáhugi Magnúsar beinist að málnotkun Íslendinga sem læra þýsku, þýðingum og orðabókanotkun.



ODDNÝ G. SVERRISDÓTTIR

prófessor í þýsku.

Oddný lauk doktorsnámi í þýskum fræðum, málvísindum og norrænu árið 1987 frá Westfälische Wilhelms háskólanum í Münster í Westfalen í Þýskalandi. Áður hafði hún lokið BA-gráðu í þýsku og bókasafnsfræði, auk kennsluréttindanáms frá Háskóla Íslands árið 1980.

Rannsóknasvið hennar er innan samanburðarmálvísinda, einkum á sviði orðtakafræði, svo og þýska sem erlent tungumál á Íslandi og miðlun menningar í ferðaþjónustu. Um þessar mundir vinnur Oddný að rannsókn á notkun orðtaka í þýskum og íslenskum textum og er rannsóknin byggð á rauntextum.



PERNILLE FOLKMANN

lektor í dönsku máli.

Pernille lauk cand.mag.-gráðu í dönsku frá Kaupmannahafnarháskóla árið 2009.

Rannsóknasvið hennar eru norræn nútímamál, máltileinkun og tungumálakennsla.



QI HUIMIN

Kínverskur forstöðumaður Konfúsíusarstofnunarinnar Norðurljósa og sendikennari.

Qi lauk doktorsgráðu frá Kínversku listaakademíunni árið 2003. Hún gegnir stöðu prófessors í Ningbo-háskóla í Kína. Sérgrein hennar er kínversk þjóðlagatónlist minnihlutahópa í Kína, svo sem Tu, Tíbeta og Hui.

Rannsóknir hennar eru á sviði staðbundinna kínverskra ópera, s.s. í Shandong- og Zhejiang-héraði. Hún hefur skrifað þrjár bækur: Ceremony, Music and Marriage (2011), Namuyi Tibetan Songs (2009) og Engagement Chants and Flute Music (2009). Auk þess hafa birst á prenti eftir hana yfir 20 fræðigreinar í tímaritum jafnt innan sem utan Kína. Qi kennir kínverska málnotkun.



REBEKKA ÞRÁINSDÓTTIR

aðjunkt í rússnesku.

Rebekka lauk meistaraþrófi í rússnesku og rússneskum bókmenntum frá Ríkisháskólanum í Sankti Pétursborg árið 2003 og BA-gráðu í rússnesku frá Háskóla Íslands árið 2001. Rannsóknasvið hennar eru einkum rússneskar bókmenntir á 19. og 20. öld fram til 1930 og samtímabókmenntir skrifaðar af konum.

Um þessar mundir er Rebekka einkum að skoða smásögur Ísaaks Babels um borgarastriðið í Rússlandi og hvernig sviðsmynd og lýsingu, táknum himins og jarðar, er beitt til að varpa á ljósi á þær hamfarir sem borgarastriðið var.

Rannsóknasvið hennar eru einkum rússneskar bókmenntir á 19. og 20. öld fram til 1930 og samtímabókmenntir skrifaðar af konum.



STEFANO ROSATTI

aðjunkt í ítölsku.

